

1993 nr. 2 13. janúar**Lög um Evrópska efnahagssvæðið**

Tóku gildi 1. janúar 1994, að undanskilinni 1. gr. sem tók gildi 13. janúar 1993. Breytt með L. 66/1993 (tóku gildi 27. maí 1993 nema 2. gr. sem tók gildi 1. jan. 1994), L. 91/1994 (tóku gildi 3. júní 1994 nema 2. gr. sem tók gildi 1. júlí 1994, sjá þó 3. gr.), L. 63/2001 (tóku gildi 13. júní 2001), L. 8/2004 (tóku gildi 24. mars 2004), L. 106/2007 (tóku gildi 27. júní 2007), L. 159/2010 (tóku gildi 30. des. 2010), L. 26/2014 (tóku gildi 5. apríl 2014) og L. 81/2016 (tóku gildi 1. júlí 2016).

■ **1. gr.** Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd:

1. Samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn), þ.e. meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka, ásamt gerðum, sem í viðaukunum er getið, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;

2. samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;

3. samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;

[4. bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og Austurríkis, Finnlands, Íslands, Liechtensteins, Noregs og Svíþjóðar hins vegar, sem undirrituð var í Brussel hinn 17. mars 1993;

5. bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, milli Austurríkis, Finnlands, Íslands, Liechtensteins, Noregs og Svíþjóðar, sem undirrituð var í Brussel hinn 17. mars 1993;

6. bókun um breytingu á samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna, milli Austurríkis, Finnlands, Íslands, Liechtensteins, Noregs og Svíþjóðar, sem undirrituð var í Brussel hinn 17. mars 1993];¹⁾

[7. samning um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. meginmál samningsins og viðauka, sem gerður var í Lúxemborg 14. október 2003];²⁾

[8. samning um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. meginmál samningsins og viðauka, sem áritaður var í Brussel 14. maí 2007];³⁾

[9. samning milli Evrópusambandsins, Íslands, Liechtensteins og Noregs um EES-fjármagnskerfið 2009–2014];⁴⁾

[10. samning um þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. meginmál samningsins og viðauka, sem áritaður var í Brussel 20. desember 2013];⁵⁾

[11. samning milli Evrópusambandsins, Íslands, Liechtensteins og Noregs um EES-fjármagnskerfið 2014–2021].⁶⁾

¹⁾ L. 66/1993, 1. gr. ²⁾ L. 8/2004, 1. gr. ³⁾ L. 106/2007, 1. gr. ⁴⁾ L. 159/2010, 1. gr. ⁵⁾ L. 26/2014, 1. gr. ⁶⁾ L. 81/2016, 1. gr.

■ **2. gr.** Meginmál EES-samningsins skal hafa lagagildi hér á landi. Sama gildir um ákvæði bókunar 1 við samninginn og ákvæði 9. tölul. VIII. viðauka og g-liðar 1. tölul. XII. viðauka við samninginn.

□ Ákvæði EES-samningsins, bókunarinnar og viðaukanna, sem vísað er til í 1. mgr., eru prentuð sem fylgiskjöl I–IV með lögum þessum.

□ [Inngangsorð og 1.–7. gr. bókunarinnar, sem vísað er til í 4. tölul. 1. gr., um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, skulu hafa lagagildi hér á landi. Sama gildir um ákvæði 15. gr. bókunarinnar er varða 81. og 82. gr. EES-samningsins, 21. gr. bókunarinnar, að svo miklu leyti sem greinin á við meginmál samningsins, og 22. gr. hennar.

□ Þau ákvæði bókunarinnar, sem vísað er til í 3. mgr., eru prentuð sem fskj. V með lögum þessum.]¹⁾

□ [1. mgr. 2. gr. samningsins, sem vísað er til í 7. tölul. 1. gr., um aðild nýrra samningsaðila að Evrópska efnahagssvæðinu, skal hafa lagagildi hér á landi.

□ Þau ákvæði samningsins, sem vísað er til í 5. mgr., eru prentuð sem fylgiskjal VI með lögum þessum.]²⁾

□ [1. mgr. 2. gr. samningsins, sem vísað er til í 8. tölul. 1. gr., um aðild nýrra samningsaðila að Evrópska efnahagssvæðinu, skal hafa lagagildi hér á landi.

□ Þau ákvæði samningsins, sem vísað er til í 7. mgr., eru prentuð sem fylgiskjal VII með lögum þessum.]³⁾

□ [1. gr. samningsins, sem vísað er til í 9. tölul. 1. gr., skal hafa lagagildi hér á landi.

□ Þau ákvæði samningsins, sem vísað er til í 9. mgr., eru prentuð sem fylgiskjal VIII með lögum þessum.]⁴⁾

□ [1. mgr. 2. gr. samningsins, sem vísað er til í 10. tölul. 1. gr., um aðild nýs samningsaðila að Evrópska efnahagssvæðinu, skal hafa lagagildi hér á landi.

□ Þau ákvæði samningsins, sem vísað er til í 11. mgr., eru prentuð sem fylgiskjal IX með lögum þessum.]⁵⁾

□ [1. gr. samningsins, sem vísað er til í 11. tölul. 1. gr., skal hafa lagagildi hér á landi.

□ Þau ákvæði samningsins, sem vísað er til í 13. mgr., eru prentuð sem fylgiskjal X með lögum þessum.]⁶⁾

¹⁾ L. 66/1993, 2. gr. ²⁾ L. 8/2004, 2. gr. ³⁾ L. 106/2007, 2. gr. ⁴⁾ L. 159/2010, 2. gr. ⁵⁾ L. 26/2014, 2. gr. ⁶⁾ L. 81/2016, 2. gr.

■ **3. gr.** Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.

■ **[4. gr. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 63/2001, 2. gr. ²⁾ L. 91/1994, 1. gr.

■ **[5. gr.]¹⁾** Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

□ Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og EES-samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.

¹⁾ L. 91/1994, 1. gr.

Fylgiskjal I.**SAMNINGUR UM EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ**

[EVRÓPUBANDALAGIÐ,
KONUNGRÍKIÐ BELGÍA,
LÝÐVELDIÐ BÚLGARÍA,
LÝÐVELDIÐ TÉKKLAND,
KONUNGRÍKIÐ DANMÖRK,
SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,
LÝÐVELDIÐ EISTLAND,
LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,
KONUNGRÍKIÐ SPÁNN,
LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
[LÝÐVELDIÐ KRÓATÍA],¹⁾
ÍRLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
LÝÐVELDIÐ KÝPUR,
LÝÐVELDIÐ LETTLAND,
LÝÐVELDIÐ LITHÁEN,
STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBOURG,

...¹⁾ UNGVERJALAND,
 LÝÐVELDIÐ MALTA,
 KONUNGRÍKIÐ HOLLAND,
 LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
 LÝÐVELDIÐ PÓLLAND,
 LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,
 RÚMENÍA,
 LÝÐVELDIÐ SLÓVENÍA,
 LÝÐVELDIÐ SLÓVAKÍA,
 LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
 KONUNGRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,
 HIÐ SAMEINADA KONUNGRÍKI STÓRA-BRET-
 LANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS,
 OG
 ÍSLAND,
 FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
 KONUNGRÍKIÐ NOREGUR,²⁾
 sem nefnast hér á eftir SAMNINGSAÐILAR;
 ERU SANNFÆRÐIR UM að Evrópskt efnahagssvæði muni
 stuðla að uppbyggingu Evrópu á grundvelli friðar, lýðræðis
 og mannréttinda;
 ÁRÉTTA að höfudáhersla er lögð á náin samskipti Evr-
 ópubandalagsins, aðildarríkja þess og EFTA-ríkjanna, sem
 grundvallast á nálægð, sameiginlegu gildismati frá fornu fari
 og evrópskri samkennd;
 HAGA EINSETT SÉR að stuðla á grundvelli markaðsbú-
 skapar að auknu frjálsræði og samvinnu í viðskiptum um
 gjörvallan heim, einkum í samræmi við ákvæði Hins al-
 menna samkomulags um tolla og viðskipti og samninginn um
 Efnahags- og framfarastofnunina;
 HAGA Í HUGA það markmið að mynda öflugt og einsleitt
 Evrópskt efnahagssvæði er grundvallist á sameiginlegum
 reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, tryggri framkvæmd,
 meðal annars fyrir dómstólum, og jafnrétti, gagnkvæmni og
 heildarjafnvægi hagsbóta, réttinda og skyldna samningsaðila;
 HAGA EINSETT SÉR að beita sér fyrir því að frelsi til vöru-
 flutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi og fjármagns-
 flutninga verði sem víðtækast á öllu Evrópska efnahagssvæð-
 inu, svo og að styrkja og auka samvinnu í jaðarmálum og
 tengdum málum;
 HAGA ÞAÐ AÐ MARKMIÐI að stuðla að samræmdri þróun
 á Evrópska efnahagssvæðinu og eru sannfærðir um nauðsyn
 þess að draga með samningi þessum úr efnahagslegu og fé-
 lagslegu misræmi milli svæða;
 VILJA LEGGJA SITT AF MÖRKUM til að styrkja sam-
 vinnu milli þingmanna Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA-
 ríkjanna, svo og milli aðila vinnu- og atvinnu- og EFTA-
 ríkjunum;
 ERU SANNFÆRÐIR UM að einstaklingar muni gegna mik-
 ilvægu hlutverki á Evrópska efnahagssvæðinu vegna beiting-
 ar þeirra réttinda sem þeir öðlast með samningi þessum og
 þeirrar verndar dómstóla sem þessi réttindi njóta;
 HAGA EINSETT SÉR að varðveita, vernda og bæta um-
 hverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð
 og skynsemi, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálf-
 bæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðar-
 ráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða;
 HAGA EINSETT SÉR að við mótun nýrra reglna verði lagð-
 ar til grundvallar strangar kröfur um að vernda beri heilsu,
 öryggi og umhverfi;
 GERA SÉR LJÓST mikilvægi framþróunar í félagsmálum,
 þar á meðal jafnréttismálum karla og kvenna, á Evrópska

efnahagssvæðinu og láta í ljós vilja sinn til að tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir, skapa skilyrði fyrir fullri atvinnu, bættum lífskjörum og bættum starfsskilyrðum á Evrópska efnahagssvæðinu;
 HAGA EINSETT SÉR að efla hagsmuni neytenda og styrkja stöðu þeirra á markaðinum, með öflugra neytendavernd að markmiði;
 SETJA SÉR ÞAU SAMEIGINLEGU MARKMIÐ að styrkja vísindalegar og tæknilegar undirstöður evrópsks iðnaðar og gera hann samkeppnishæfari á alþjóðavettvangi;
 ÁLÍTA að gerð samnings þessa eigi ekki á nokkurn hátt að hafa áhrif á möguleika EFTA-ríkja til að gerast aðilar að Evrópubandalögnum;
 STEFNA AÐ ÞVÍ, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, að ná fram og halda sig við samræmda túlkun og beitingu samnings þessa og þeirra ákvæða í löggjöf bandalagsins sem tekin eru efnislega upp í samning þennan, svo og að koma sér saman um jafnræði gagnvart einstaklingum og aðilum í atvinnurekstri að því er varðar fjórþætta frelsið og samkeppnisskilyrði;
 ÞAR EÐ samningur þessi takmarkar hvorki sjálfræði samningsaðila til ákvarðanatöku né rétt þeirra til að gera samninga, samanber þó ákvæði samnings þessa og takmarkanir sem leiðir af reglum þjóðaréttar;
 HAGA ÁKVEÐIÐ að gera með sér eftirfarandi samning:

¹⁾ L. 26/2014, fyllgiskjal IX. ²⁾ L. 106/2007, fyllgiskjal VII.

I. hluti. Markmið og meginreglur.

■ **1. gr.** 1. Markmið þessa samstarfssamnings er að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði sem nefnist hér á eftir EES.

□ 2. Til að ná þeim markmiðum sem sett eru í 1. mgr. skal samstarfið í samræmi við ákvæði samnings þessa fela í sér:

- frjálsa vöruflutninga;
- frjálsa fólksflutninga;
- frjálsa þjónustustarfsemi;
- frjálsa fjármagnsflutninga;
- að komið verði á kerfi sem tryggi að samkeppni raskist ekki og að reglur þar að lútandi verði virtar af öllum; og einnig

f. nánari samvinnu á öðrum sviðum, svo sem á sviði rannsóknna og þróunar, umhverfismála, menntunar og félagsmála.

■ **2. gr.** Í þessum samningi merkir:

- hugtakið „samningur“ meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka auk þeirra gerða sem þar er vísað til;
- [hugtakið „EFTA-ríki“ merkir ...¹⁾ Ísland, Furstadæmið Liechtenstein og Konungsríkið Noreg];²⁾
- hugtakið „samningsaðilar“, að því er varðar bandalagið og aðildarríki EB, bæði bandalagið og aðildarríki EB eða bandalagið eða aðildarríki EB. Merkingin, sem leggja ber í þetta orð í hverju tilviki, ræðst af viðkomandi ákvæðum samnings þessa hverju sinni og jafnframt viðkomandi valdsviði bandalagsins og aðildarríkja EB í samræmi við stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu ...;²⁾

[d. hugtakið „aðildarlögin frá 16. apríl 2003“ merkir lög-
 in um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjaland, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu

og Lýðveldisins Slóvakíu og um aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins sem voru samþykkt í Aþenu 16. apríl 2003];²⁾

[e] hugtakið „aðildarlögin frá 25. apríl 2005“ lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins, sem voru samþykkt í Lúxemborg 25. apríl 2005;

[f] hugtakið „aðildarlögin frá 9. desember 2011“ merk- ir lögin um aðildarskilmála Lýðveldisins Króatíu og aðlögun sáttmálans um Evrópusambandið, sáttmálans um starfs- hætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarbörðubanda- lags Evrópu, sem voru undirrituð í Brussel 9. desember 2011].³⁾¹⁾

¹⁾ L. 106/2007, fylgiskjal VII. ²⁾ L. 8/2004, fylgiskjal VI. ³⁾ L. 26/2014, fylgiskjal IX.

■ **3. gr.** Samningsaðilar skulu gera allar viðeigandi almenn- ar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningi þessum leiðir. Þeir skulu varast ráðstafanir sem teflt geta því í tvísýnu að markmiðum samnings þessa verði náð.

Þeir skulu enn fremur auðvelda samvinnu innan ramma samnings þessa.

■ **4. gr.** Hvers konar mismunur á grundvelli ríkisfangs er bönnuð á gildissviði samnings þessa nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans.

■ **5. gr.** Samningsaðilar geta hvenær sem er vakið máls á áhyggjuefnum í sameiginlegu EES-nefndinni eða EES-ráð- inu í samræmi við þær aðferðir sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 92. gr. og 2. mgr. 89. gr. eftir því sem við á.

■ **6. gr.** Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalag- anna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir und- irritunardag samnings þessa, þó að því tilskildu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efna- hagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbanda- lagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beiting- ar þessara tveggja sáttmála.

■ **7. gr.** Gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samning þennan, eða ákvörðunum sameiginlegu EES- nefndarinnar, binda samningsaðila og eru þær eða verða teknar upp í landsrétt sem hér segir:

a. gerð sem samsvarar reglugerð EBE skal sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila;

b. gerð sem samsvarar tilskipun EBE skal veita yfirvöld- um samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.

II. hluti. Frjálsir vöruflutningar.

1. kafli. Grundvallarreglur.

■ **8. gr.** 1. Koma skal á frjálsum vöruflutningum milli samn- ingsaðila í samræmi við ákvæði samnings þessa.

□ 2. Ákvæði 10.–15., 19., 20. og 25.–27. gr. taka einungis til framleiðsluvara sem upprunnar eru í ríkjum samningsaðila nema annað sé tekið fram.

□ 3. Ef annað er ekki tekið fram taka ákvæði samningsins einungis til:

a. framleiðsluvara sem falla undir 25.–97. kafla í sam- ræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2;

b. framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun 3 í sam- ræmi við það sérstaka fyrirkomulag sem þar er greint frá.

■ **9. gr.** 1. Kveðið er á um upprunareglur í bókun 4. Þær eru settar með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar sem

samningsaðilar eru eða kunna að verða bundnir af samkvæmt Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti.

□ 2. Samningsaðilar munu áfram leitast við að bæta og ein- falda upprunareglur á allan hátt og auka samvinnu á sviði tollamála með það fyrir augum að byggja á grundvelli þess árangurs sem náðst hefur með samningi þessum.

□ 3. Fyrsta endurskoðun fer fram fyrir árslok 1993. Síð- an fer endurskoðun fram á tveggja ára fresti. Á grundvelli þessarar endurskoðunar skuldbinda samningsaðilar sig til að ákveða þær viðeigandi ráðstafanir sem eiga að verða hluti samningsins.

■ **10. gr.** Tollar á innflutning og útflutning, svo og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðir milli samnings- aðila. Með fyrirvara um það fyrirkomulag, sem um getur í bókun 5, skal þetta einnig eiga við um fjárflyunartolla.

■ **11. gr.** Magntakmarkanir á innflutningi, svo og allar ráð- stafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila.

■ **12. gr.** Magntakmarkanir á útflutningi, svo og allar ráð- stafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila.

■ **13. gr.** Ákvæði 11. og 12. gr. koma ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjar- reglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, eða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.

■ **14. gr.** Einstökum samningsaðilum er óheimilt að leggja hvers kyns beinan eða óbeinan skatt innan lands á fram- leiðsluvörur annarra samningsaðila umfram það sem beint eða óbeint er lagt á sams konar innlendar framleiðsluvörur.

Samningsaðila er einnig óheimilt að leggja á framleiðslu- vörur annarra samningsaðila innlendan skatt sem er til þess fallinn að vernda óbeint aðrar framleiðsluvörur.

■ **15. gr.** Þegar framleiðsluvörur eru fluttar út til yfirráða- svæðis annars samningsaðila má endurgreiðsla á innlendum skatti ekki nema hærrí fjárhæð en skattinum sem þegar hefur verið lagður á þær beint eða óbeint.

■ **16. gr.** 1. Samningsaðilar skulu tryggja breytingar á ríkis- einkasölum í viðskiptum þannig að enginn greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja hvað snertir skilyrði til aðdráttar og markaðssetningar vara.

□ 2. Ákvæði þessarar greinar gilda um allar stofnanir sem þar til bær yfirvöld samningsaðilanna nota samkvæmt lögum eða í reynd, beint eða óbeint, til að hafa eftirlit með, ráða eða hafa umtalsverð áhrif á inn- eða útflutning milli samnings- aðila. Þessi ákvæði gilda einnig um einkasölur sem ríki hefur fengið öðrum í hendur.

2. kafli. Landbúnaðar- og sjávarafurðir.

■ **17. gr.** Í I. viðauka eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi heilbrigði dýra og plantna.

■ **18. gr.** Með fyrirvara um sérstakt fyrirkomulag varð- andi viðskipti með landbúnaðarafurðir skulu samningsaðil- ar tryggja að fyrirkomulaginu, sem kveðið er á um í 17. gr. og a- og b-lið 23. gr. varðandi aðrar vörur en þær er heyra undir 3. mgr. 8. gr., verði ekki stofnað í hættu vegna annarra tæknilegra viðskiptahindrana. Ákvæði 13. gr. skulu gilda.

■ **19. gr.** 1. Samningsaðilar skulu taka til athugunar alla erf- iðleika sem upp kunna að koma í viðskiptum þeirra með

landbúnaðarafurðir og leitast við að finna viðeigandi lausn á þeim.

□ 2. Samningsaðilar skuldbinda sig til að halda áfram viðleitni sinni til að auka smám saman frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

□ 3. Í þeim tilgangi skulu samningsaðilar framkvæma endurskoðun á skilyrðum fyrir viðskipti með landbúnaðarafurðir fyrir árslok 1993 og á tveggja ára fresti þaðan í frá.

□ 4. Samningsaðilar munu, í ljósi þeirra niðurstaðna sem fást af þessari endurskoðun, innan ramma landbúnaðarstefnu hvers um sig og með tilliti til niðurstaðna Úrúgvæ-viðræðnanna, ákveða, innan ramma samnings þessa, á grundvelli fríðinda, með tvíhliða eða marghliða hætti og með gagnkvæmu samkomulagi sem er hagstætt hverjum aðila, frekara afnám hvers kyns viðskiptahindrana í landbúnaði, að meðtöldum þeim viðskiptahindrunum sem leiðir af ríkiseinkasölum í viðskiptum á sviði landbúnaðar.

■ 20. gr. Ákvæði og fyrirkomulag varðandi fisk og aðrar sjávarfurðir er að finna í bókun 9.

3. kafli. Samvinna á sviði tollamála og auðveldun viðskipta.

■ 21. gr. 1. Til að greiða fyrir viðskiptum skulu samningsaðilar einfalda eftirlit og formsatriði á landamærum. Fyrirkomulag í þessu skyni er að finna í bókun 10.

□ 2. Samningsaðilar skulu aðstoða hver annan í tollamálum til þess að tryggja rétta beitingu tollalöggjafar. Fyrirkomulag í þessu skyni er að finna í bókun 11.

□ 3. Samningsaðilar skulu styrkja og auka samvinnu sín í milli með það að markmiði að einfalda framkvæmd vöruviðskipta, einkum að því er varðar áætlanir, verkefni og aðgerðir bandalagsins sem miða að því að greiða fyrir viðskiptum í samræmi við reglurnar í VI. hluta.

□ 4. Þrátt fyrir 3. mgr. 8. gr. skal þessi grein taka til allra framleiðsluvara.

■ 22. gr. Samningsaðili er hefur hug á að lækka virkt stig tolla eða gjalda sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart þriðju löndum með bestu kjör eða íhugar frestun þeirra skal, sé slíkt gerlegt, tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni það eigi síðar en þrjátíu dögum áður en lækkunin eða frestunin kemur til framkvæmda. Hlutaðeigandi samningsaðili skal gefa gaum athugasemdem frá öðrum samningsaðilum um röskun sem hlotist gæti af þessu.

4. kafli. Aðrar reglur um frjálsa vöruflutninga.

■ 23. gr. Sérstök ákvæði og fyrirkomulag er að finna í:

a. bókun 12 og II. viðauka varðandi tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottanir;

b. bókun 47 varðandi afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín;

c. III. viðauka varðandi skaðsemisábyrgð.

Þau skulu taka til allra framleiðsluvara nema annað sé tekið fram.

■ 24. gr. Sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi orkumál er að finna í IV. viðauka.

■ 25. gr. Leiði framkvæmd 10. og 12. gr. af sér:

a. endurútlutning til þriðja lands á framleiðsluvöru sem er af hálfu samningsaðila er flytur út háð magntakmörkunum, útlutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif; eða

b. alvarlegan skort, eða hættu á alvarlegum skorti, á framleiðsluvöru sem er mjög mikilvæg samningsaðila er flytur út;

og valdi þær aðstæður, sem að ofan getur, samningsaðila er flytur út meiri háttar erfiðleikum eða eru líklegar til þess getur hann gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við reglurnar í 113. gr.

■ 26. gr. Í samskiptum samningsaðila skal ekki gera ráðstafanir gegn undirboðum, leggja á jöfnunartolla og grípa til aðgerða gegn ólöglegum viðskiptaháttum sem rekja má til þriðju landa nema annað sé tekið fram í samningi þessum.

5. kafli. Kola- og stálvörur.

■ 27. gr. Ákvæði og fyrirkomulag varðandi kola- og stálvörur er að finna í bókunum 14 og 25.

III. hluti. Frjálsir fólksflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar.

1. kafli. Launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklingar.

■ 28. gr. 1. Frelsi launþega til flutninga skal vera tryggt í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum.

□ 2. Umrætt frelsi felur í sér afnám allrar mismununar milli launþega í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum.

□ 3. Með þeim takmörkunum sem réttlætast af allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði felur það í sér rétt til þess að:

a. þiggja atvinnutilboð sem raunverulega eru lögð fram;

b. fara að vild í þeim tilgangi um yferráðasvæði aðildarríkja EB og EFTA-ríkja;

c. dveljast á yferráðasvæði aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis í atvinnuskyni í samræmi við ákvæði í lögum og stjórn-sýslufyrirmælum um starfskjör ríkisborgara þess ríkis;

d. dveljast áfram á yferráðasvæði aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis eftir að hafa starfað þar.

□ 4. Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um störf í opinberri þjónustu.

□ 5. Í V. viðauka eru sérstök ákvæði um frelsi launþega til flutninga.

■ 29. gr. Til að veita launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum frelsi til flutninga skulu samningsaðilar á sviði almannatrygginga, í samræmi við VI. viðauka, einkum tryggja launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum og þeim sem þeir framfæra að:

a. lögð verði saman öll tímabil sem taka ber til greina samkvæmt lögum hinna ýmsu landa til að öðlast og viðhalda bótarétti, svo og reikna fjárhæð bóta;

b. bætur séu greiddar fólki sem er búsett á yferráðasvæðum samningsaðila.

■ 30. gr. Til að auðvelda launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum að hefja og stunda starfsemi skulu samningsaðilar í samræmi við VII. viðauka gera nauðsynlegar ráðstafanir varðandi gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, svo og samræmingu ákvæða í lögum og stjórn-sýslufyrirmælum samningsaðila varðandi rétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til að hefja og stunda starfsemi.

2. kafli. Staðfesturéttur.

■ 31. gr. 1. Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera á rétti ríkisborgara aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis til að öðlast staðfestu á yferráðasvæði einhvers annars þessara ríkja. Hið sama gildir einnig þegar ríkisborgarar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis, sem hafa staðfestu á yferráðasvæði einhvers þeirra, setja á stofn umboðsskrifstofu, útibú eða dótturfyrirtæki.

Staðfesturéttur felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki, einkum félög eða fyrirtæki í skilningi annarrar málsgreinar 34. gr., með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin, þó með fyrirvara um ákvæði 4. kafla.

□ 2. Í VIII.–XI. viðauka eru sérstök ákvæði um staðfesturétt.

■ **32. gr.** Ákvæði þessa kafla gilda ekki um starfsemi sem á yfirráðasvæði ákvæðins samningsaðila fellur undir meðferð opinbers valds jafnvel þótt svo sé aðeins í einstökum tilvikum.

■ **33. gr.** Ákvæði þessa kafla og ráðstafanir í samræmi við þau útiloka ekki að beitt verði ákvæðum í lögum eða stjórn-sýslufyrirmælum um sérstaka meðferð á erlendum ríkisborgurum er grundvallast á sjónarmiðum um allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði.

■ **34. gr.** Með félög eða fyrirtæki, sem stofnuð eru í samræmi við lög aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis og hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð á yfirráðasvæði samningsaðila, skal farið, að því er þennan kafla varðar, á sama hátt og einstaklinga sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum.

Með félögum eða fyrirtækjum er átt við félög eða fyrirtæki, stofnuð á grundvelli einkamálaréttar eða verslunarréttar, þar með talin samvinnufélög, svo og aðrar lögpersónur sem lúta allsherjarrétti eða einkamálarétti, þó að frátöldum þeim sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni.

■ **35. gr.** Ákvæði 30. gr. gilda um málefni sem fjallað er um í þessum kafla.

3. kafli. Þjónusta.

■ **36. gr.** 1. Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera á frelsi ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja til að veita þjónustu á yfirráðasvæði samningsaðila enda þótt þeir hafi staðfestu í öðru aðildarríki EB eða EFTA-ríki en sá sem þjónustan er ætluð.

□ 2. Í IX.–XI. viðauka eru sérstök ákvæði um frelsi til að veita þjónustu.

■ **37. gr.** Með „þjónustu“ er í samningi þessum átt við þjónustu sem að jafnaði er veitt gegn þóknun að því leyti sem hún lýtur ekki ákvæðum um frjálsa vöruflutninga, frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa fólksflutninga.

Undir „þjónustu“ fellur einkum:

- starfsemi á sviði iðnaðar;
- starfsemi á sviði viðskipta;
- starfsemi handverksmanna;
- sérfræðistörf.

Sá sem veitir þjónustu getur, með fyrirvara um ákvæði 2. kafla, í því skyni stundað starfsemi sína tímabundið í því ríki þar sem þjónustan er veitt, með sömu skilyrðum og það ríki setur eigin ríkisborgurum.

■ **38. gr.** Frelsi til að veita þjónustu á sviði flutninga fellur undir ákvæði 6. kafla um flutningastarfsemi.

■ **39. gr.** Ákvæði 30. og 32.–34. gr. gilda um málefni sem fjallað er um í þessum kafla.

4. kafli. Fjármagn.

■ **40. gr.** Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera milli samningsaðila á flutningum fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum né nokkur mismunur, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða

því hvar féð er notað til fjárfestingar. Í XII. viðauka eru nauðsynleg ákvæði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

■ **41. gr.** Gengar greiðslur í tengslum við þjónustustarfsemi, vöruflutninga, fólksflutninga eða fjármagnsflutninga milli samningsaðila innan ramma ákvæða samnings þessa skulu lausar við öll höft.

■ **42. gr.** 1. Ef beitt er innlendum reglum um fjármagnsmarkað og lánsviðskipti í fjármagnsflutningum sem höftum hefur verið létt af samkvæmt ákvæðum samnings þessa skal það gert án mismununar.

□ 2. Lán til beinnar eða óbeinnar fjármögnunar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis eða sveitarstjórna þess skulu ekki boðin út eða tekin í öðrum aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum nema viðkomandi ríki hafi gert með sér samkomulag um það.

■ **43. gr.** 1. Kunni munurinn milli gjalddeyrisreglna aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna að verða til þess að menn, búsettir í einu þessara ríkja, færi sér í nyt þær rýmri yfirfærslureglur á yfirráðasvæði samningsaðila sem kveðið er á um í 40. gr. til þess að fara fram hjá reglum einhvers þessara ríkja um fjármagnsflutninga til eða frá þriðju löndum getur viðkomandi samningsaðili gert viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því.

□ 2. Leiði fjármagnsflutningar til röskunar á starfsemi fjármagnsmarkaðar í aðildarríki EB eða EFTA-ríki getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til verndarráðstafana á sviði fjármagnsflutninga.

□ 3. Breyti þar til bær yfirvöld samningsaðila gengisskráningu sinni þannig að alvarlegri röskun á samkeppnis-skilyrðum valdi geta hinir samningsaðilarnir gert nauðsynlegar ráðstafanir um mjög takmarkaðan tíma til að vinna gegn áhrifum breytingarinnar.

□ 4. Eigi aðildarríki EB eða EFTA-ríki í örðugleikum með greiðslujöfnuð eða alvarleg hætta er á að örðugleikar skapist, hvort sem það stafar af heildarójafnvægi í greiðslujöfnuði eða því hvaða gjaldmiðli það hefur yfir að ráða, getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til verndarráðstafana, einkum ef örðugleikarnir eru til þess fallnir að stofna framkvæmd samnings þessa í hættu.

■ **44. gr.** Bandalagið annars vegar og EFTA-ríkin hins vegar skulu beita eigin málsmeðferð, sem mælt er fyrir um í bókun 18, vegna framkvæmdar ákvæða 43. gr.

■ **45. gr.** 1. Tilkynna skal sameiginlegu EES-nefndinni ákvarðanir, álit og tilmæli vegna þeirra ráðstafana sem lýst er í 43. gr.

□ 2. Ekki má grípa til neinna ráðstafana nema að höfðu samráði í sameiginlegu EES-nefndinni og eftir að henni hafa verið veittar upplýsingar.

□ 3. Í því tilvikum sem um ræðir í 2. mgr. 43. gr. getur hlutaðeigandi samningsaðili þó gert ráðstafanirnar, án þess að áður fari fram samráð eða skipti á upplýsingum, þegar það reynist óhjálkæmlegt vegna þess að þær verða að fara leynt eða þola ekki bið.

□ 4. Komi skyndilega upp vandi er varðar greiðslujöfnuð, í því tilvikum sem um ræðir í 4. mgr. 43. gr., og sé ekki unnt að fylgja málsmeðferðinni í 2. mgr., getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til nauðsynlegra fyrirbyggjandi verndarráðstafana. Ráðstafanirnar skulu hafa í för með sér eins litla röskun á framkvæmd samnings þessa og kostur er á og mega ekki vera viðtækari en brýnasta nauðsyn krefur til að ráða bót á þeim skyndilega vanda sem komið hefur upp.

□ 5. Þegar gerðar eru ráðstafanir í samræmi við 3. og 4. mgr. skal tilkynna það eigi síðar en þann dag sem þær öðlast gildi

og skulu upplýsingaskiptin, samráðið og tilkynningarnar sem um getur í 1. mgr. eiga sér stað eins fljótt og auðið er í kjölfar þess.

5. kafli. Samvinna um stefnu í efnahags- og peningamálum.

■ **46. gr.** Samningsaðilar skulu skiptast á skoðunum og upplýsingum um framkvæmd samnings þessa og áhrif samstarfsins á efnahagsstarfsemi og framkvæmd stefnu í efnahags- og peningamálum. Þeir geta enn fremur rætt stefnu, ástand og horfur í efnahagsmálum. Þessi skipti á skoðunum og upplýsingum skulu fara fram án nokkurra skuldbindinga.

6. kafli. Flutningastarfsemi.

■ **47. gr.** 1. Ákvæði 48.–52. gr. gilda um flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum.

□ 2. Í XIII. viðauka eru sérstök ákvæði um allar tegundir flutninga.

■ **48. gr.** 1. Engu aðildarríki EB eða EFTA-ríki er heimilt að setja nokkur þau ákvæði um flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum utan ramma XIII. viðauka sem beint eða óbeint eru óhagstæðari flutningsaðilum frá öðrum ríkjum en innlendum flutningsaðilum.

□ 2. Sérhver samningsaðili er víkur frá meginreglunni í 1. mgr. skal tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni það. Aðrir samningsaðilar, sem fallast ekki á frávikið, geta gripið til viðeigandi gagnráðstafana.

■ **49. gr.** Aðstoð er samrýmanleg samningi þessum ef hún bætir úr þörf fyrir samræmingu á sviði flutninga eða í henni felst endurgjald fyrir að rækja tiltekna skyldur sem falla undir hugtakið opinber þjónusta.

■ **50. gr.** 1. Þegar um er að ræða flutninga á yfirráðasvæði samningsaðila skal ekki vera nokkur mismunur sem kemur fram í því að flutningsaðilar leggi á mismunandi gjöld eða setji mismunandi skilmála við flutning sams konar vöru á sömu flutningaleiðum, allt eftir því hvert uppruna- eða ákvörðunarland viðkomandi vöru er.

□ 2. Þar til bært yfirvald samkvæmt VII. hluta skal að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis rannsaka öll tilvik um mismunur sem falla undir þessa grein og taka nauðsynlegar ákvarðanir samkvæmt eigin reglum.

■ **51. gr.** 1. Bannað er að leggja á gjöld og setja skilmála er varða flutningastarfsemi innan yfirráðasvæðis samningsaðila og fela í einhverjum mæli í sér aðstoð eða vernd, einu eða fleiri fyrirtækjum eða atvinnugreinum í hag, nema þar til bært yfirvald samkvæmt 2. mgr. 50. gr. heimili það.

□ 2. Þar til bært yfirvald skal að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis kanna gjöld þau og skilmála sem um getur í 1. mgr., annars vegar einkum með kröfum um æskilega efnahagsstefnu á einstökum landsvæðum í huga, svo og þarfir vanþröðra svæða og erfiðleika svæða þar sem alvarlegt stjórnmálaástand ríkir, og hins vegar með tilliti til áhrifa gjaldanna og skilmálanna á samkeppni milli mismunandi greina flutningastarfsemi.

Par til bært yfirvald skal taka nauðsynlegar ákvarðanir samkvæmt eigin reglum.

□ 3. Bannið sem um getur í 1. mgr. tekur ekki til gjalda sem ákveðin eru til að bregðast við samkeppni.

■ **52. gr.** Álögur eða gjöld, sem flutningsaðili innheimtir umfram flutningsgjöld vegna flutnings yfir landamæri, mega ekki vera hærrí en sanngjarnt er með hliðsjón af raunverulegum kostnaði vegna þessa. Samningsaðilar skulu leitast við að draga smám saman úr slíkum kostnaði.

IV. hluti. Samkeppnisreglur og aðrar sameiginlegar reglur.

1. kafli. Reglur um fyrirtæki.

■ **53. gr.** 1. Eftirfarandi skal bannað og talið ósamrýmanlegt framkvæmd samnings þessa: allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað á því svæði sem samningur þessi tekur til, einkum samningar, ákvarðanir og aðgerðir sem:

a. ákveða kaup- eða söluverð eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti;

b. takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu;

c. skipta mörkuðum eða birgðalindum;

d. mismuna öðrum viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra;

e. setja það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

□ 2. Samningar og ákvarðanir sem grein þessi bannar eru sjálfkrafa ógildir.

□ 3. Ákveða má að ákvæðum 1. mgr. verði ekki beitt um:

— samninga eða tegundir samninga milli fyrirtækja;

— ákvarðanir eða tegundir ákvarðana af hálfu samtaka fyrirtækja;

— samstilltar aðgerðir eða tegundir samstilltra aðgerða;

sem stuðla að bættari framleiðslu eða vöruheifingu eða efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir, enda sé neytendum veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst, án þess að:

a. höft, sem óþörf eru til að hinum settu markmiðum verði náð, séu lögð á hlutaðeigandi fyrirtæki;

b. slíkt veiti fyrirtækjunum færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna sem um er að ræða.

■ **54. gr.** Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á svæðinu sem samningur þessi tekur til, eða verulegum hluta þess, er ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa og því bönnuð að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Slík misnotkun getur einkum falist í því að:

a. beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða sölurverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir;

b. settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns;

c. öðrum viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt;

d. sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

■ **55. gr.** 1. Með fyrirvara um ákvæði sem hrinda 53. og 54. gr. í framkvæmd og er að finna í bókun 21 og XIV. viðauka við samning þennan skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA, sem kveðið er á um í 1. mgr. 108. gr., tryggja beitingu meginreglnanna sem mælt er fyrir um í 53. og 54. gr.

Hin þar til bæra eftirlitsstofnun, sem kveðið er á um í 56. gr., skal að eigin frumkvæði eða að beiðni ríkis á viðkomandi svæði eða hinnar eftirlitsstofnunarinnar rannsaka tilvik þar sem grunur leikur á að meginreglur þessar séu brotnar. Hin þar til bæra eftirlitsstofnun skal framkvæma þessar rannsóknir í samvinnu við þar til bær stjórnvöld á viðkomandi svæði og í samvinnu við hina eftirlitsstofnunina sem skal veita henni aðstoð í samræmi við eigin reglur.

Komist hún að þeirri niðurstöðu að um brot hafi verið að ræða skal hún gera tillögur um viðeigandi ráðstafanir til að binda enda á það.

□ 2. Ef ekki er bundinn endi á umrætt brot skal þar til bær eftirlitsstofnun skrá slíkt brot á meginreglunum í rökstuddri ákvörðun.

Hin þar til bæra eftirlitsstofnun getur birt ákvörðun sína og heimilað ríkjum á viðkomandi svæði, með þeim skilyrðum og á þann hátt sem hún kveður nánar á um, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu. Hún getur einnig farið fram á það við hina eftirlitsstofnunina að hún heimili ríkjum á viðkomandi svæði að gera slíkar ráðstafanir.

■ 56. gr. 1. Eftirlitsstofnanirnar skulu taka ákvarðanir í einstökum málum, sem falla undir 53. gr., í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a. eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í þeim málum sem einungis hafa áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna;

b. með fyrirvara um c-lið skal eftirlitsstofnun EFTA taka ákvarðanir, eins og kveðið er á um í ákvæðum 58. gr., bókun 21 og reglum um framkvæmd hennar, bókun 23 og XIV. viðauka, í málum þar sem velta viðkomandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna er 33% eða meiri en velta þeirra á svæðinu sem samningur þessi tekur til;

c. framkvæmdastjórn EB skal taka ákvarðanir í öðrum málum, svo og í þeim málum sem falla undir b-lið og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB, og skal hún þá taka tillit til ákvæðanna í 58. gr., bókun 21, bókun 23 og XIV. viðauka.

□ 2. Eftirlitsstofnun á því svæði þar sem yfirburðastaða er talin vera fyrir hendi skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir 54. gr. Reglurnar sem settar eru í b- og c-lið 1. mgr. gilda því aðeins að um yfirburðastöðu á svæðum beggja eftirlitsstofnananna sé að ræða.

□ 3. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir c-lið 1. mgr. og hafa ekki umtalsverð áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB eða samkeppni í bandalaginu.

□ 4. Hugtökin „fyrirtæki“ og „velta“ eru, að því er þessa grein varðar, skilgreind í bókun 22.

■ 57. gr. 1. Samfylkingar, sem gert er ráð fyrir eftirliti með í 2. mgr. og skapa eða efla yfirburðastöðu er hindrar virka samkeppni á samningssvæðinu eða umtalsverðum hluta þess, skal lýsa ósamrýmanlegar samningi þessum.

□ 2. Eftirtaldir aðilar skulu hafa eftirlit með samfylkingum sem falla undir 1. mgr.:

a. framkvæmdastjórn EB í þeim málum sem falla undir reglugerð EBE nr. 4064/89, í samræmi við þá reglugerð, bókunir 21 og 24 og XIV. viðauka við samninginn. Með fyrirvara um endurskoðunarvald dómstóls EB hefur framkvæmdastjórn EB ein vald til að taka ákvarðanir í þessum málum;

b. eftirlitsstofnun EFTA í þeim málum sem falla ekki undir a-lið hafi viðmiðunarmörkum, sem sett eru í XIV. viðauka, verið fullnægt á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í sam-

ræmi við bókunir 21 og 24 og XIV. viðauka við samninginn. Þetta er með þeim fyrirvara að aðildarríki EB séu ekki valdbær í þessu tilliti.

■ 58. gr. Með það fyrir augum að þróa og viðhalda samræmdu eftirliti á Evrópska efnahagssvæðinu á sviði samkeppni, svo og að stuðla að einsleitri framkvæmd, beitingu og túlkun ákvæða samningsins í þessu skyni, skulu þar til bær yfirvöld hafa með sér samvinnu í samræmi við ákvæði bókana 23 og 24.

■ 59. gr. 1. Eigi í hlut opinber fyrirtæki, og fyrirtæki sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veita sérstök réttindi eða einkarétt, skulu samningsaðilar tryggja að hvorki séu gerðar né viðhaldið nokkrum þeim ráðstöfunum sem fara í bága við reglur samnings þessa, einkum reglur sem kveðið er á um í 4. gr. og 53.–63. gr.

□ 2. Reglur samnings þessa, einkum reglurnar um samkeppni, gilda um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða eru í eðli sínu fjáröflunareinkasölur, að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Þróun viðskipta má ekki raska í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna.

□ 3. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu hvor innan síns valdsviðs tryggja að ákvæðum þessarar greinar sé beitt og gera, eftir því sem þörf krefur, viðeigandi ráðstafanir gagnvart þeim ríkjum sem eru á svæðum hvorrar um sig.

■ 60. gr. Í XIV. viðauka eru sérstök ákvæði um framkvæmd þeirra meginreglna sem settar eru í 53., 54., 57. og 59. gr.

2. kafli. Ríkisaðstoð.

■ 61. gr. 1. Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

□ 2. Eftirtalið samrýmist framkvæmd samnings þessa:

a. aðstoð af félagslegum toga sem veitt er einstökum neytendum enda sé hún veitt án mismununar með tilliti til uppruna viðkomandi framleiðsluvara;

b. aðstoð sem veitt er til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða;

c. aðstoð sem veitt er til atvinnuvega á ákveðnum svæðum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, þar sem skipting Þýskalands hefur áhrif, að því marki sem þörf er á slíkri aðstoð til að bæta upp efnahagslegt óhagræði vegna skiptingarinnar.

□ 3. Eftirtalið getur talist samrýmanlegt framkvæmd samnings þessa:

a. aðstoð til að efla hagþróun á svæðum þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið;

b. aðstoð til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum eða ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis;

c. aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum;

d. aðstoð af öðru tagi sem sameiginlega EES-nefndin kann að tiltaka í samræmi við VII. hluta.

■ **62. gr.** 1. Fylgjast skal stöðugt með öllum kerfum vegna ríkisaðstoðar sem eru til á yfirráðasvæðum samningsaðila, svo og öllum áætlunum um að veita slíka aðstoð eða breyta henni, með það í huga að þau samrýmist 61. gr. Eftirtaldir aðilar skulu framkvæma slíkt eftirlit:

a. framkvæmdastjórn EB, að því er varðar aðildarríki EB, í samræmi við reglurnar í 93. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu;

b. eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar EFTA-ríkin, í samræmi við þær reglur sem settar eru í samningi milli EFTA-ríkjana um stofnun eftirlitsstofnunar EFTA en mælt er fyrir um valdsvið hennar og störf í bókun 26.

□ 2. Með það fyrir augum að tryggja samræmt eftirlit á sviði ríkisaðstoðar á svæðinu sem samningur þessi tekur til skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA hafa með sér samvinnu í samræmi við ákvæðin í bókun 27.

■ **63. gr.** Í XV. viðauka eru sérstök ákvæði um ríkisaðstoð.

■ **64. gr.** 1. Ef önnur eftirlitsstofnunin telur að framkvæmd hinnar eftirlitsstofnunarinnar á 61. og 62. gr. samningsins, svo og 5. gr. bókunar 14, samræmist ekki kröfum um sömu samkeppnis skilyrði á svæðinu sem samningur þessi tekur til skal skipst á skoðunum innan tveggja vikna í samræmi við málsmeðferð f-liðar í bókun 27.

Hafi ekki fundist lausn innan þessara tveggja vikna sem aðilar geta sætt sig við getur þar til bært yfirvald samningsaðila, sem málið snertir, gripið án tafar til bráðabirgðaráðstafana til þess að ráða bót á þeirri röskun sem orðið hefur á samkeppni.

Samráð skal síðan hafa í sameiginlegu EES-nefndinni með það fyrir augum að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við.

Hafi sameiginlegu EES-nefndinni ekki tekist að finna lausn innan þriggja mánaða og umræddar aðgerðir valda, eða hætta er á að þær valdi, röskun á samkeppni sem hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila er unnt að gera þær varanlegu ráðstafanir í stað bráðabirgðarástafananna sem eru bráðnaðsynlegar til að jafna áhrif röskunarinnar. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst starfsemi EES.

□ 2. Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda um ríkis-einkasölu sem settar eru á stofn eftir undirritunardag samningsins.

3. kafli. Aðrar sameiginlegar reglur.

■ **65. gr.** 1. Í XVI. viðauka eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi innkaup sem gilda, nema annað sé tekið fram, um allar framleiðsluvörur og þjónustu eins og tilgreint er.

□ 2. Í bókun 28 og XVII. viðauka eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi hugverk og eignarréttindi á sviði iðnaðar og verslunar sem gilda um allar framleiðsluvörur og þjónustu nema annað sé tekið fram.

V. hluti. Altæk ákvæði er varða fjórþætta frelsið.

1. kafli. Félagsmál.

■ **66. gr.** Samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að stuðla að bættum starfsskilyrðum og lífskjörum launþega.

■ **67. gr.** 1. Samningsaðilar skulu sérstaklega leggja áherslu á að hvetja til umbóta, einkum varðandi vinnuumhverfi, með tilliti til heilsu og öryggis launþega. Til að stuðla að því að þessu markmiði verði náð skulu lágmarkskröfur smám saman koma til framkvæmda og þá með hliðsjón af þeim aðstæðum og tæknilegu reglum er gilda hjá hverjum samningsaðila. Slíkar lágmarkskröfur eru því ekki til fyrirstöðu að samnings-

aðili láti strangari reglur um starfsskilyrði halda gildi sínu eða setji slíkar reglur enda samrýmist þær samningi þessum.

□ 2. Í XVIII. viðauka eru tilgreind nauðsynleg ákvæði vegna framkvæmdar lágmarkskrafna samkvæmt 1. mgr.

■ **68. gr.** Á sviði vinnulöggjafar skulu samningsaðilar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja góða framkvæmd samnings þessa. Þessar ráðstafanir eru tilgreindar í XVIII. viðauka.

■ **69. gr.** 1. Hver samningsaðili skal tryggja og viðhalda beitingu þeirrar meginreglu að karlar og konur hljóti jöfn laun fyrir jafna vinnu.

Með „launum“ er í þessari grein átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup ásamt öllum öðrum greiðslum, hvort heldur er í fé eða fríðu, sem launþegi fær beint eða óbeint frá vinnuveitanda sínum vegna starfa síns.

Með sömu launum án mismununar vegna kynferðis er átt við að:

a. laun fyrir sömu ákvæðisvinnu skuli miðuð við sömu mælieiningu;

b. laun fyrir tímavinnu skuli vera hin sömu fyrir sams konar starf.

□ 2. Í XVIII. viðauka eru sérstök ákvæði um framkvæmd 1. mgr.

■ **70. gr.** Samningsaðilar skulu stuðla að því að meginreglan um jafnrétti karla og kvenna verði virt með því að hrinda ákvæðunum sem tilgreind eru í XVIII. viðauka í framkvæmd.

■ **71. gr.** Samningsaðilar skulu leitast við að auka skoðana-skipti milli vinnuveitanda og launþega í Evrópu.

2. kafli. Neytendavernd.

■ **72. gr.** Í XIX. viðauka eru ákvæði um neytendavernd.

3. kafli. Umhverfismál.

■ **73. gr.** 1. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu byggjast á eftirtöldum markmiðum:

a. að varðveita, vernda og bæta umhverfið;

b. að stuðla að því að vernda heilsu manna;

c. að tryggja að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi.

□ 2. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Kröfur um umhverfisvernd skulu vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum.

■ **74. gr.** Í XX. viðauka eru sérstök ákvæði um verndarráðstafanir sem skulu gilda samkvæmt 73. gr.

■ **75. gr.** Verndarráðstafanirnar, sem um getur í 74. gr., eru því ekki til fyrirstöðu að einstakir samningsaðilar láti strangari verndarráðstafanir halda gildi sínu eða gripi til þeirra enda samrýmist þær samningi þessum.

4. kafli. Hagskýrslugerð.

■ **76. gr.** 1. Samningsaðilar skulu tryggja úrvinnslu og dreifingu samfelldra og sambærilegra hagskýrslna sem lýsi og geri kleift að fylgjast með öllum þeim þáttum sem máli skipta á sviði efnahags-, félags- og umhverfismála á Evrópska efnahagsvæðinu.

□ 2. Í þessu skyni skulu samningsaðilar þróa með sér og nota samræmdar aðferðir, skýrgreiningar og flokkanir, svo og sameiginlegar starfsáætlanir og vinnubrögð við hagskýrslugerð hvar sem það á við í stjórnsýslunni og hafa þá í huga nauðsyn þess að fyllsta trúnaðar sé gætt.

□ 3. Í XXI. viðauka eru sérstök ákvæði um hagskýrslugerð.

□ 4. Í bókun 30 eru sérstök ákvæði um skipulag samstarfs á sviði hagskýrslugerðar.

5. kafli. Félagaréttur.

■ 77. gr. Í XXII. viðauka eru sérstök ákvæði um félagarétt.

VI. hluti. Samvinna utan marka fjórþætta frelsisins.

■ 78. gr. Samningsaðilar skulu efla og auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins á sviði:

- rannsóknar og tækniþróunar,
- upplýsingaþjónustu,
- umhverfismála,
- menntunar, þjálfunar og æskulýðsmála,
- félagsmála,
- neytendaverndar,
- lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
- ferðamála,
- hljóð- og myndmiðlunar og
- almannavarna,

að því leyti sem samstarf á þessum sviðum lýtur ekki ákvæðum annarra hluta samnings þessa.

■ 79. gr. 1. Samningsaðilar skulu auka skoðanaskipti sín í milli með öllum viðeigandi aðferðum, einkum samkvæmt reglum VII. hluta, með það fyrir augum að ákveða starfssvið og starfsemi þar sem nánari samvinna getur aukið líkur á að sameiginleg markmið náist á þeim sviðum sem um getur í 78. gr.

□ 2. Þeir skulu einkum skiptast á upplýsingum og ræða í sameiginlegu EES-nefndinni, að beiðni einstakra samningsaðila, áform og tillögur um að stofna til eða breyta rammaáætlunum, einstökum áætlunum, aðgerðum og verkefnum á þeim sviðum sem um getur í 78. gr.

□ 3. Ákvæði VII. hluta gilda að breyttu breytanda um þennan hluta þegar sérstaklega er kveðið á um það í þessum hluta eða bókun 31.

■ 80. gr. Samvinna samkvæmt 78. gr. skal að öðru jöfnu fara fram með eftirfarandi hætti:

- þátttöku EFTA-ríkja í rammaáætlunum EB, einstökum áætlunum, verkefnum eða öðrum aðgerðum;
- komið verði á sameiginlegri starfsemi á tilteknum sviðum þar sem meðal annars gæti verið um að ræða samræmingu eða samstillingu á starfsemi, sameiningu starfsemi sem fyrir er og komið verði á sérstakri sameiginlegri starfsemi;
- formlegum og óformlegum upplýsingaskiptum eða miðlun;
- sameiginlegu átaki til að hvetja til tiltekinna starfsemi á yfirráðasvæði samningsaðila;
- hliðstæðri löggjöf, eftir því sem við á, með sömu eða svipuðum ákvæðum;
- samræmingu aðgerða og starfsemi á vettvangi eða fyrir tilstilli alþjóðastofnana, svo og samræmingu samvinnu við þriðju lönd, þar sem um gagnkvæmt hagsmunamál er að ræða.

■ 81. gr. Þegar samvinna felur í sér þátttöku EFTA-ríkja í rammaáætlun EB, einstakri áætlun, verkefni eða annarri aðgerð skulu eftirfarandi meginreglur gilda:

a. EFTA-ríkin skulu hafa aðgang að öllum þáttum áætlunar.

b. Staða EFTA-ríkjanna í nefndum, sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða þróun starfsemi bandalagsins, skal vera í fullu samræmi við það fjárframlag sem EFTA-ríkin kunna að greiða vegna þátttöku sinnar.

c. Ákvæði 3. mgr. 79. gr. gilda um þær ákvarðanir bandalagsins er hafa bein eða óbein áhrif á rammaáætlun, einstaka áætlun, verkefni eða aðra aðgerð sem EFTA-ríki taka þátt í samkvæmt ákvörðun á grundvelli samnings þessa, þó ekki ákvarðanir sem varða fjárlög bandalagsins. Sameiginlega EES-nefndin getur endurskoðað skilmála og skilyrði fyrir áframhaldandi þátttöku í viðkomandi starfsemi í samræmi við 86. gr.

d. Þegar um samstarfsverkefni er að ræða skulu stofnanir, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar EFTA-ríkja hafa sömu réttindi og skyldur í áætlun bandalagsins eða annarri aðgerð sem um ræðir og samstarfsstofnanir, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar aðildarríkja EB. Hið sama gildir að breyttu breytanda um þátttakendur sem fara milli landa vegna viðkomandi samstarfs aðildarríkja EB og EFTA-ríkja.

e. EFTA-ríki, stofnanir þeirra, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar skulu hafa sömu réttindi og skyldur að því er varðar úrvinnslu, mat og nýtingu niðurstaðna og aðildarríki EB, stofnanir þeirra, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar.

f. Samningsaðilar skuldbinda sig í samræmi við viðkomandi reglugerðir og reglur sínar til að auðvelda flutninga þátttakenda í áætluninni og annarri starfsemi að því marki sem nauðsynlegt er.

■ 82. gr. 1. Þegar samvinna samkvæmt þessum hluta felur í sér fjárframlag frá EFTA-ríkjunum skal framlagið látið í té á einhvern eftirtalinn hátt:

- a. Framlag EFTA-ríkjanna vegna þátttöku þeirra í starfsemi bandalagsins skal reiknað í hlutfalli við:
 - fjárhagsskuldbindingar; og
 - greiðsluskuldbindingar;
 sem varðandi bandalagið eru settar árlega á þann lið fjárlaga þess sem á við um viðkomandi starfsemi.

Hlutfallsstuðullinn sem ákvarðar framlag EFTA-ríkjanna skal vera summa hlutfallsins milli annars vegar vergrar landsframléiðslu hvers EFTA-ríkis um sig miðað við markaðsverð og hins vegar summa vergrar landsframléiðslu allra aðildarríkja EB og umrædds EFTA-ríkis miðað við markaðsverð. Stuðullinn skal reiknaður fyrir hvert fjárhagsár á grundvelli nýjustu tölfræðilegra upplýsinga.

Bæði að því er varðar fjárhagsskuldbindingar og greiðsluskuldbindingar skal fjárframlag EFTA-ríkjanna koma til viðbótar fjárframlagi bandalagsins á þeim lið fjárlaga þess sem á við um viðkomandi starfsemi.

Þau framlög sem EFTA-ríkin skulu greiða árlega skulu ákveðin á grundvelli greiðsluskuldbindinganna.

Skuldbindingar sem bandalagið tók á sig áður en EFTA-ríkin hófu á grundvelli samnings þessa þátttöku í viðkomandi starfsemi, svo og greiðslur sem af henni leiðir, kalla ekki á framlög af hálfu EFTA-ríkjanna.

b. Fjárframlag EFTA-ríkjanna vegna þátttöku þeirra í ákveðnum verkefnum eða annarri starfsemi skal grundvallast á þeirri meginreglu að sérhver samningsaðili skuli bera eigin kostnað, svo og viðeigandi hluta af fastakostnaði bandalagsins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

c. Sameiginlega EES-nefndin skal taka nauðsynlegar ákvarðanir varðandi fjárframlag samningsaðila til þeirrar starfsemi sem um ræðir hverju sinni.

□ 2. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar eru í bókun 32.

■ 83. gr. Þegar samvinnan felst í upplýsingaskiptum milli opinberra aðila skulu EFTA-ríkin hafa sama rétt á að fá upplýsingar og aðildarríki EB og ber þeim jafnframt sama skylda

til að veita upplýsingar, samnber þó kröfur um trúnað sem sameiginlega EES-nefndin ákveður.

■ **84. gr.** Ákvæði um samvinnu á tilteknum sviðum eru í bókun 31.

■ **85. gr.** Ef ekki er kveðið á um annað í bókun 31 skal samvinna, sem þegar fer fram milli bandalagsins og einstakra EFTA-ríkja á sviðunum sem um getur í 78. gr. við gildistöku samnings þessa, eftir það lúta viðeigandi ákvæðum þessa hluta og bókunar 31.

■ **86. gr.** Sameiginlega EES-nefndin skal, í samræmi við VII. hluta, taka allar nauðsynlegar ákvarðanir vegna framkvæmdar 78.–85. gr. og ráðstafana sem af henni leiðir og geta þær meðal annars falið í sér viðbætur við og breytingar á bókun 31, ásamt því að ákveða nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir vegna framkvæmdar 85. gr.

■ **87. gr.** Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að þróa, efla eða auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins á sviðum sem eru ekki tilgreind í 78. gr. Þegar slík samvinna þykir líkleg til að greiða fyrir því að markmiðum samnings þessa verði náð eða samningsaðilar telja slíkt hagstætt báðum aðilum af öðrum ástæðum. Slíkar ráðstafanir geta haft það í för með sér að 78. gr. verði breytt þannig að nýjum sviðum verði bætt við þau sem þar eru tilgreind.

■ **88. gr.** Með fyrirvara um ákvæði annarra hluta samnings þessa skulu ákvæði þessa hluta ekki koma í veg fyrir að einstakir samningsaðilar geti undirbúið, samþykkt og hrundið ráðstöfunum í framkvæmd einhliða.

VII. hluti. Ákvæði um stofnanir.

1. kafli. Skipulag samstarfsins.

1. þáttur. EES-ráðið.

■ **89. gr.** 1. EES-ráði er hér með komið á fót. Hlutverk þess er einkum að vera stjórnmalalegur aflvaki varðandi framkvæmd samnings þessa og setja almennar viðmiðunarreglur fyrir sameiginlegu EES-nefndina.

Í þessum tilgangi skal EES-ráðið meta hvernig samningurinn í heild hefur verið framkvæmdur og hvernig hann hefur þróast. Það skal taka stjórnmalalegar ákvarðanir sem leiða til breytinga á samningnum.

□ 2. Samningsaðilar, að því er varðar bandalagið og aðildarríki EB eftir valdsviði viðkomandi, geta tekið mál er valda erfiðleikum upp í EES-ráðinu eftir að hafa rætt þau í sameiginlegu EES-nefndinni, eða geta tekið þau beint upp í EES-ráðinu er mjög brýna nauðsyn ber til.

□ 3. EES-ráðið setur sér starfsreglur með ákvörðun þar að lútandi.

■ **90. gr.** 1. EES-ráðið skipa fulltrúar í ráði Evrópubandalaganna og úr framkvæmdastjórn EB ásamt einum fulltrúa ríkisstjórnar hvers EFTA-ríkis.

Skipa skal fulltrúa í EES-ráðið í samræmi við þau skilyrði sem mælt verður fyrir um í starfsreglum þess.

□ 2. Ákvarðanir EES-ráðsins skulu teknar með samkomulagi milli bandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar.

■ **91. gr.** 1. Fulltrúi ráðs Evrópubandalaganna og ráðherra í ríkisstjórn EFTA-ríkis skulu gegna embætti forseta EES-ráðsins til skiptis sex mánuði í senn.

□ 2. Forseti EES-ráðsins skal kalla það saman tvisvar á ári. EES-ráðið skal einnig koma saman, þegar aðstæður krefjast, í samræmi við starfsreglur sínar.

2. þáttur. Sameiginlega EES-nefndin.

■ **92. gr.** 1. Sameiginlegu EES-nefndinni er hér með komið á fót. Skal hún tryggja virka framkvæmd samnings þessa. Í þeim tilgangi skal þar skipst á skoðunum og upplýsingum og taka ákvarðanir í þeim málum sem kveðið er á um í samningi þessum.

□ 2. Samningsaðilar, að því er varðar bandalagið og aðildarríki EB eftir valdsviði viðkomandi, skulu hafa samráð í sameiginlegu EES-nefndinni um öll þau mál á grundvelli samningsins sem valda erfiðleikum og einhver þeirra hefur tekið upp.

□ 3. Sameiginlega EES-nefndin setur sér starfsreglur með ákvörðun þar að lútandi.

■ **93. gr.** 1. Sameiginlegu EES-nefndina skipa fulltrúar samningsaðila.

□ 2. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar skulu teknar með samkomulagi milli bandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna, sem mæla einum rómi, hins vegar.

■ **94. gr.** 1. Fulltrúi bandalagsins, þ.e. framkvæmdastjórnar EB, og fulltrúi eins EFTA-ríkis skulu gegna embætti formanns sameiginlegu EES-nefndarinnar til skiptis sex mánuði í senn.

□ 2. Sameiginlega EES-nefndin skal að öðru jöfnu koma saman að minnsta kosti einu sinni í mánuði til að gegna störfum sínum. Hana má einnig kalla saman að framkvæði formannsins eða samkvæmt beiðni einhvers samningsaðila í samræmi við starfsreglur hennar.

□ 3. Sameiginlega EES-nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir eða starfshópa sér til aðstoðar við framkvæmd verkefna sinna. Sameiginlega EES-nefndin skal í starfsreglum sínum mæla fyrir um skipan og starfshætti umræddra undirnefnda og starfshópa. Sameiginlega EES-nefndin skal ákveða verkefni þeirra í hverju tilviki fyrir sig.

□ 4. Sameiginlega EES-nefndin skal gefa út ársskýrslu um framkvæmd og þróun samnings þessa.

3. þáttur. Samvinna þingmanna.

■ **95. gr.** 1. Sameiginlegri EES-þingmannanefnd er hér með komið á fót. Hana skipa jafnmargir þingmenn Evrópuþingsins annars vegar og þjóðþinga EFTA-ríkjanna hins vegar. Heildarfjöldi þingmanna í nefndinni kemur fram í stofnsamþykktinni í bókun 36.

□ 2. Fundir sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar skulu haldnir til skiptis í bandalaginu og EFTA-ríki í samræmi við ákvæði bókunar 36.

□ 3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal með umræðum og fundum stuðla að auknum skilningi milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna á þeim sviðum sem samningur þessi tekur til.

□ 4. Sameiginlegu EES-þingmannanefndinni er heimilt að láta álit sitt í ljós í formi skýrslna eða ályktana eftir því sem við á. Hún skal einkum taka til athugunar ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar um framkvæmd og þróun samnings þessa sem gefin er út í samræmi við 4. mgr. 94. gr.

□ 5. Forseti EES-ráðsins má koma fyrir sameiginlegu EES-þingmannanefndina og taka þar til máls.

□ 6. Sameiginlega EES-þingmannanefndin setur sér starfsreglur.

4. þáttur. Samvinna aðila er starfa á sviði efnahags- og félagsmála.

■ **96. gr.** 1. Fulltrúar efnahags- og félagsmálanefndarinnar og annarra samtaka, sem eru í fyrirsvari fyrir aðila á sviði félagsmála í bandalaginu, og fulltrúar samsvarandi aðila í

EFTA-ríkjunum skulu vinna að því að styrkja tengslin sín í milli og eiga samstarf á skipulagðan og reglubundinn hátt með það að markmiði að auka skilning á efnahagslegum og félagslegum þáttum í stöðugt samofnara efnahagssamstarfi samningsaðilanna og á hagsmunum þeirra innan EES.

□ 2. Ráðgjafarnefnd EES er hér með komið á fót í þessum tilgangi. Hana skipa jafnmargir fulltrúar efnahags- og félagsmálanefndar bandalagsins annars vegar og ráðgjafarnefndar EFTA hins vegar. Ráðgjafarnefnd EES er heimilt að láta í ljós álit sitt í formi skýrslna eða ályktana eftir því sem við á.

□ 3. Ráðgjafarnefnd EES setur sér starfsreglur.

2. kafli. Tilhögun ákvarðanatöku.

■ **97. gr.** Með fyrirvara um meginregluna um jafnræði, og eftir að öðrum samningsaðilum hafa verið veittar upplýsingar þar um, hefur samningur þessi ekki áhrif á rétt einstakra samningsaðila til að breyta innlendra löggjöf á þeim sviðum sem samningurinn tekur til:

— ef sameiginlega EES-nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að löggjöf, eins og henni hefur verið breytt, hafi ekki áhrif til hins verra á framkvæmd samningsins; eða

— ef skilyrðum 98. gr. hefur verið fullnægt.

■ **98. gr.** Breyta má viðaukum samningsins, svo og bókunum 1–7, 9–11, 19–27, 30–32, 37, 39, 41 og 47, eftir því sem við á, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í samræmi við 93. (2. mgr.), 99., 100., 102. og 103. gr.

■ **99. gr.** 1. Þegar framkvæmdastjórn EB hefur undirbúning að nýrri löggjöf á sviði sem samningur þessi tekur til skal hún óformlega leita ráða hjá sérfræðingum EFTA-ríkjana á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkja EB við mótun tillagnanna.

□ 2. Þegar framkvæmdastjórnin sendir ráði Evrópubandalaganna tillögur sínar skal hún senda afrit af þeim til EFTA-ríkjana. Fyrstu skoðanaskipti skulu fara fram í sameiginlegu EES-nefndinni óski einhver samningsaðila þess.

□ 3. Á þeim tíma, sem líður fram að töku ákvörðunar í ráði Evrópubandalaganna, skulu samningsaðilar, í samfelldu ferli upplýsingaskipta og samræðs, ráðgast hver við annan í sameiginlegu EES-nefndinni að beiðni einhvers þeirra á öllum tímamótum á leið að endanlegri töku ákvörðunar.

□ 4. Samningsaðilar skulu starfa saman af heilum hug á upplýsinga- og samráðstímabilinu með það fyrir augum að auðvelda ákvarðanatöku í sameiginlegu EES-nefndinni í lok meðferðar málsins.

■ **100. gr.** Framkvæmdastjórn EB skal tryggja sérfræðingum EFTA-ríkjana eins viðtæka þátttöku og unnt er á viðkomandi sviðum við undirbúning á drögum að tillögum er síðar eiga að fara fyrir þær nefndir sem eru framkvæmdastjórninni til aðstoðar við beitingu framkvæmdarvalds hennar. Í þessum málum skal framkvæmdastjórn EB, þegar hún gengur frá tillögum, ráðgast við sérfræðinga EFTA-ríkjana á sama grundvelli og hún ráðgast við sérfræðinga aðildarríkja EB.

Í þeim tilvikum þegar mál er til meðferðar hjá ráði Evrópubandalaganna í samræmi við starfsreglur sem gilda um viðkomandi nefnd skal framkvæmdastjórn EB koma álit sérfræðinga EFTA-ríkjana á framfæri við ráð Evrópubandalaganna.

■ **101. gr.** 1. Að því er varðar nefndir, sem falla hvorki undir 81. né 100. gr., skal haft samstarf við sérfræðinga EFTA-ríkjana þegar góð framkvæmd samningsins krefst slíks.

Þessar nefndir eru skráðar í bókun 37. Kveðið er á um til-

högun slíks samstarfs í bókunum og viðaukum um einstök svið þar sem fjallað er um viðkomandi málefni.

□ 2. Telji samningsaðilar að slíkt samstarf ætti að taka til annarra nefnda sem eru svipaðs eðlis getur sameiginlega EES-nefndin breytt bókun 37.

■ **102. gr.** 1. Til að tryggja réttaröryggi og einsleitni EES skal sameiginlega EES-nefndin taka ákvörðun um breytingu á viðauka við samning þennan eins fljótt og unnt er, eftir að bandalagið hefur samþykkt nýja samsvarandi löggjöf bandalagsins, með það að markmiði að unnt sé að beita samtímis þeirri löggjöf og breytingunum á viðaukunum við samninginn. Bandalagið skal í þessum tilgangi tilkynna öðrum samningsaðilum í sameiginlegu EES-nefndinni eins fljótt og unnt er þegar það samþykkir réttarheimild um málefni sem fjallað er um í samningi þessum.

□ 2. Sameiginlega EES-nefndin skal meta á hvaða hluta viðauka við samning þennan þessi nýja löggjöf hefur bein áhrif.

□ 3. Samningsaðilar skulu gera sitt ýtrasta til að komast að samkomulagi um málefni sem samningur þessi tekur til.

Sameiginlega EES-nefndin skal einkum gera sitt ýtrasta til að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við þegar upp koma alvarleg vandamál á sviðum sem falla undir valdsvið löggjafans í EFTA-ríkjunum.

□ 4. Ef ekki er unnt að komast að samkomulagi um breytingar á viðauka við samning þennan, þrátt fyrir beitingu undanfarað málsgreinar, skal sameiginlega EES-nefndin kanna alla frekari möguleika á því að tryggja áframhaldandi góða framkvæmd samningsins og taka nauðsynlegar ákvarðanir þar að lútandi, meðal annars að viðurkenna að löggjöf sé sambærileg. Taka verður slíka ákvörðun eigi síðar en við lok sex mánaða tímabils, frá því að málinu er vísað til sameiginlegu EES-nefndarinnar, eða á gildistökudegi samsvarandi löggjafar bandalagsins ef sá dagur er síðar.

□ 5. Hafi sameiginlega EES-nefndin ekki tekið ákvörðun um breytingu á viðauka við þennan samning við lok frests sem settur er í 4. mgr. skal litið svo á að framkvæmd viðkomandi hluta viðaukans, sem ákveðinn er samkvæmt 2. mgr., sé frestað til bráðabirgða nema sameiginlega EES-nefndin ákveði annað. Frestun af þessu tagi gengur í gildi sex mánuðum eftir lok tímabilsins sem um getur í 4. mgr., þó ekki fyrir þann dag er samsvarandi gerð EB kemur til framkvæmda í bandalaginu. Sameiginlega EES-nefndin skal áfram leitast við að koma á samkomulagi um lausn sem aðilar geta sætt sig við svo að draga megi frestunina til baka við fyrsta tækifæri.

□ 6. Ræða skal um raunhæfar afleiðingar þeirrar frestunar sem um getur í 5. mgr. í sameiginlegu EES-nefndinni. Réttindi og skyldur sem einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri hafa þegar áunnið sér með samningi þessum skulu haldast. Samningsaðilar skulu, eftir því sem við á, ákveða hvaða breytingar þurfi að gera vegna frestunarinnar.

■ **103. gr.** 1. Ef ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar getur einungis verið bindandi fyrir samningsaðila eftir að hann hefur uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin ganga í gildi á þeim degi sem getið er í henni, ef sérstakur dagur er tiltekinn, að því tilskildu að hlutáðeigandi samningsaðili hafi tilkynnt hinum samningsaðilunum fyrir þann dag að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt.

Hafi tilkynningin ekki farið fram fyrir umræddan dag gengur ákvörðunin í gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynningu.

□ 2. Hafi tilkynningin ekki átt sér stað sex mánuðum eftir að sameiginlega EES-nefndin tók ákvörðun sína skal ákvörðun

sameiginlegu EES-nefndarinnar gilda til bráðabirgða meðan stjórnskipulegum skilyrðum hefur ekki verið fullnægt, nema samningsaðili tilkynni að slík gildistaka til bráðabirgða geti ekki átt sér stað. Í síðara tilvikinu, eða tilkynni samningsaðili að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hafi ekki hlotið samþykki, skal frestunin, sem kveðið er á um í 5. mgr. 102. gr., ganga í gildi einum mánuði eftir að tilkynningin fer fram en þó ekki fyrir þann dag er samsvarandi gerð EB kemur til framkvæmda í bandalaginu.

■ **104. gr.** Ákvarðanir teknar af sameiginlegu EES-nefndinni í tilvikum sem kveðið er á um í samningi þessum skulu vera bindandi fyrir samningsaðila frá og með gildistökudegi þeirra, nema kveðið sé á um annað í þeim, og skulu þeir gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framkvæmd þeirra og beitingu.

3. kafli. Einsleitni, tilhögun eftirlits og lausn deilumála. 1. þáttur. Einsleitni.

■ **105. gr.** 1. Til að ná því markmiði samningsaðila að ná fram og halda sig við eins samræmda túlkun og unnt er á ákvæðum samningsins og þeim ákvæðum í löggjöf bandalagsins sem tekin eru efnislega upp í samninginn skal sameiginlega EES-nefndin starfa í samræmi við þessa grein.

□ 2. Sameiginlega EES-nefndin skal stöðugt hafa til skoðunar þróun dómsúrlausna dómstóls Evrópubandalaganna og EFTA-dómstólsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 108. gr. Í þessum tilgangi skal senda dóma þessara dómstóla til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal gera ráðstafanir til að varðveita einsleita túlkun á samningnum.

□ 3. Ef sameiginlegu EES-nefndinni hefur ekki tekist að varðveita einsleita túlkun á samningnum innan tveggja mánaða frá því að mismunur á úrlausnum dómstólanna tveggja var lagður fyrir hana má beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 111. gr.

■ **106. gr.** Til að tryggja að samningur þessi verði túlkadur á eins samræmdan hátt og kostur er, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, skal sameiginlega EES-nefndin koma á kerfi til að skiptast á upplýsingum um dóma EFTA-dómstólsins, dómstóls Evrópubandalaganna og dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og dómstóla EFTA-ríkjanna á síðasta dómstigi. Í kerfi þessu skal felast:

a. að þessir dómstólar sendi ritara dómstóls Evrópubandalaganna dóma sína um túlkun og beitingu annars vegar samnings þessa og hins vegar stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu, með áorðnum breytingum og viðbótum, auk þeirra gerða sem hafa verið samþykktar í samræmi við þá, að því leyti sem þeir varða ákvæði sem eru efnislega samhljóða ákvæðum samnings þessa;

b. að ritari dómstóls Evrópubandalaganna sjái um að flokka þessa dóma og semja og birta, eins og þörf krefur, þýðingar og útdrætti;

c. að ritari dómstóls Evrópubandalaganna sendi þau skjöl sem máli skipta til þar til bærra yfirvalda hvers lands sem sérhver samningsaðili tilnefnir fyrir sig.

■ **107. gr.** Í bókun 34 eru ákvæði er gefa EFTA-ríki kost á að heimila dómstóli eða rétti að biðja dómstól Evrópubandalaganna að taka ákvörðun um túlkun EES-reglu.

2. þáttur. Tilhögun eftirlits.

■ **108. gr.** 1. EFTA-ríkin skulu koma á fót sjálfstæðri eftirlitsstofnun (eftirlitsstofnun EFTA) svo og kerfi svipuðu og fyrir er í bandalaginu, meðal annars kerfi til að tryggja efndir á skuldbindingum samkvæmt samningi þessum og til eftirlits

með lögmæti aðgerða eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni.

□ 2. EFTA-ríkin skulu koma á fót dómstóli (EFTA-dómstóli).

Undir valdsvið EFTA-dómstólsins skal með tilliti til beitingar samnings þessa og í samræmi við sérstakan samning milli EFTA-ríkjanna einkum heyrja:

a. mál um tilhögun eftirlits er varðar EFTA-ríkin;

b. áfrýjanir á ákvörðunum eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni;

c. lausn deilumála milli tveggja eða fleiri EFTA-ríkja.

■ **109. gr.** 1. Annars vegar skal eftirlitsstofnun EFTA fylgjast með efndum á skuldbindingum samkvæmt samningi þessum og hins vegar framkvæmdastjórn EB sem starfar samkvæmt stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu . . . ¹⁾ og samningi þessum.

□ 2. Til að tryggja samræmt eftirlit á öllu Evrópska efnahagssvæðinu skulu eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB hafa samstarf sín í milli, skiptast á upplýsingum og ráðgast hvor við aðra um stefnu í eftirlitsmálum og einstök mál.

□ 3. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu taka við umkvörtunum varðandi beitingu samnings þessa. Þær skulu skiptast á upplýsingum um kvartanir sem borist hafa.

□ 4. Hvor þessara stofnana um sig skal rannsaka allar kvartanir sem falla undir valdsvið hennar og koma kvörtunum sem falla undir valdsvið hinnar stofnunarinnar til hennar.

□ 5. Komi upp ósamkomulag milli þessara tveggja stofnana um það til hvaða aðgerða skuli gripið í tengslum við kvörtun eða um niðurstöðu rannsóknar getur hvor þeirra sem er vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um það í samræmi við 111. gr.

¹⁾ L. 8/2004, fylgiskjal VI.

■ **110. gr.** Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB, samkvæmt samningi þessum, sem leggja fjárskuldbindingar á aðra aðila en ríki skulu vera fullnustuhæfar. Hið sama skal eiga við um slíka dóma dómstóls Evrópubandalaganna, dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og EFTA-dómstólsins samkvæmt samningi þessum.

Fullnustan skal fara fram í samræmi við gildandi réttarfarareglur í einkamálum í ríkinu þar sem fullnustan fer fram. Fullnustuúrskurður skal fylgja ákvörðuninni með því eina formskilyrði að það að ákvörðun hafi verið tekin af þar til bærur aðila sé staðfest af því yfirvaldi sem sérhver samningsaðili tilnefnir í þessu skyni og sendir öðrum samningsaðilum, svo og eftirlitsstofnun EFTA, framkvæmdastjórn EB, dómstóli Evrópubandalaganna, dómstóli Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og EFTA-dómstólum, tilkynningu um.

Þegar þessum formsatriðum hefur verið fullnægt að beiðni hlutaðeigandi aðila má hinn sami láta fullnustu fara fram, í samræmi við lög þess ríkis þar sem fullnustan á að fara fram, með því að fara með málið beint fyrir þar til bært yfirvald.

Fullnustunni verður einungis frestað með úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna hvað varðar ákvarðanir framkvæmdastjórnar EB, úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi eða dómstóls Evrópubandalaganna, eða með úrskurði EFTA-dómstólsins hvað varðar ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA eða úrskurði EFTA-dómstólsins. Dómstólar hlutaðeigandi ríkja hafa þó lögsögu varðandi

kvartanir um að ekki sé staðið að fullnustunni með eðlilegum hætti.

3. þáttur. Lausn deilumála.

■ **111. gr.** 1. Bandalagið eða EFTA-ríki getur lagt deilumál er varðar túlkun eða beitingu samnings þessa fyrir sameiginlegu EES-nefndina í samræmi við eftirfarandi ákvæði.

□ 2. Sameiginlegu EES-nefndinni er heimilt að leysa deilumálið. Henni skulu gefnar allar upplýsingar sem hún kann að þarfnast til þess að framkvæma nákvæma rannsókn á málinu, með það fyrir augum að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við. Í þessum tilgangi skal sameiginlega EES-nefndin rannsaka alla möguleika til að viðhalda góðri framkvæmd samningsins.

□ 3. Varði deilumál túlkun ákvæða samnings þessa, sem eru efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála, og hafi deilumálið ekki verið leyst innan þriggja mánaða frá því að það var lagt fyrir sameiginlegu EES-nefndina, geta samningsaðilar, sem eiga aðild að deilumálinu, samþykkt að fara fram á það við dómstól Evrópubandalaganna að hann kveði upp úrskurð um túlkun á viðkomandi reglum.

Hafi sameiginlega EES-nefndin ekki náð samkomulagi um lausn á slíku deilumáli innan sex mánaða frá þeim degi er þessi málsmeðferð hófst, eða hafi samningsaðilar, sem eiga aðild að deilumálinu, á þeim tíma ekki ákveðið að fara fram á úrskurð dómstóls Evrópubandalaganna, getur samningsaðili, til að draga úr hugsanlegu ójafnvægi,

— annaðhvort gripið til öryggisráðstafana í samræmi við 2. mgr. 112. gr. og fylgt þá málsmeðferð 113. gr.;

— eða beitt 102. gr. að breyttu breytanda.

□ 4. Varði deilumál umfang eða gildistíma öryggisráðstafana, sem gripið er til í samræmi við 3. mgr. 111. gr. eða 112. gr., eða jafngildi jöfnunarráðstafana, sem gerðar eru í samræmi við 114. gr., og hafi sameiginlegu EES-nefndinni ekki tekist að leysa deiluna þremur mánuðum eftir þann dag er málið var lagt fyrir hana getur hver samningsaðila sem er vís að deilumálinu til gerðardóms samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í bókun 33. Óheimilt er að fjalla um túlkun á ákvæðum samnings þessa, sem um getur í 3. mgr., samkvæmt þessari málsmeðferð. Gerðin er bindandi fyrir deiluaðila.

4. kafli. Öryggisráðstafanir.

■ **112. gr.** 1. Ef upp eru að koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, getur samningsaðili gripið einhliða til viðeigandi ráðstafana með þeim skilyrðum og á þann hátt sem mælt er fyrir um í 113. gr.

□ 2. Slíkar öryggisráðstafanir skulu vera takmarkaðar, að því er varðar umfang og gildistíma, við það sem telst bráðnaðsynlegt til þess að ráða bót á ástandinu. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst framkvæmd samnings þessa.

□ 3. Öryggisráðstafanirnar skulu gilda gagnvart öllum samningsaðilum.

■ **113. gr.** 1. Samningsaðili sem hyggst grípa til öryggisráðstafana í samræmi við 112. gr. skal tilkynna hinum samningsaðilunum það án tafar fyrir milligöngu sameiginlegu EES-nefndarinnar og skal hann veita allar nauðsynlegar upplýsingar.

□ 2. Samningsaðilar skulu tafarlaust bera saman ráð sín í sameiginlegu EES-nefndinni með það fyrir augum að finna viðunandi lausn fyrir alla aðila.

□ 3. Hlutaðeigandi samningsaðili má ekki grípa til öryggisráðstafana fyrr en einum mánuði eftir dagsetningu tilkynningarinnar samkvæmt 1. mgr. nema samráði samkvæmt 2. mgr. hafi verið lokið áður en umræddur frestur var liðinn. Þegar óvenjulegar aðstæður, sem krefjast tafarlausra aðgerða, útiloka könnun fyrirfram getur hlutaðeigandi samningsaðili strax gripið til þeirra verndarráðstafana sem bráðnaðsynlegar teljast til þess að ráða bót á ástandinu.

Framkvæmdastjórn EB skal grípa til öryggisráðstafana fyrir bandalagið.

□ 4. Hlutaðeigandi samningsaðili skal án tafar tilkynna ráðstafanirnar, sem gerðar hafa verið, til sameiginlegu EES-nefndarinnar og veita allar nauðsynlegar upplýsingar.

□ 5. Í sameiginlegu EES-nefndinni skal hafa samráð um öryggisráðstafanirnar á þriggja mánaða fresti frá því að gripið er til þeirra með það fyrir augum að fella þær niður fyrir áætluð lok gildistímabilsins eða takmarka umfang þeirra.

Hver samningsaðilanna um sig getur hvenær sem er farið fram á það við sameiginlegu EES-nefndina að hún endurskoði umræddar ráðstafanir.

■ **114. gr.** 1. Ef öryggisráðstöfun, sem samningsaðili hefur gripið til, veldur misvægi milli réttinda og skyldna samkvæmt samningi þessum getur hver hinna samningsaðilanna gripið til jafnumfangsmikilla jöfnunarráðstafana gagnvart fyrrnefndum samningsaðila og bráðnaðsynlegar eru til að jafna umrætt misvægi. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst starfsemi Evrópska efnahagssvæðisins.

□ 2. Málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 113. gr., gildir.

VIII. hluti. Fjármagnskerfi.

■ **115. gr.** Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða sinna með það fyrir augum að stuðla að jafnri og stöðugri efningu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila eins og kveðið er á um í 1. gr. Í þessu tilliti hafa þeir í huga ákvæði sem er að finna annars staðar í samningi þessum og bókunum er tengjast honum, að meðtöldum tilteknum þeim ráðstöfunum er varða landbúnað og sjávarútveg.

■ **116. gr.** EFTA-ríkin skulu koma upp fjármagnskerfi í þeim tilgangi að leggja sitt af mörkum, í tengslum við EES og til viðbótar því sem bandalagið gerir þegar á þessu sviði, til framgangs markmiðunum sem sett eru í 115. gr.

■ **117. gr.** [Í bókun 38, bókun 38a, og viðauka við hana, í bókun 38b og viðauka við hana og í bókun 38c er að finna ákvæði um fjármagnskerfið.]¹⁾

¹⁾ L. 81/2016, fýlgiskjal X.

IX. hluti. Almenn ákvæði og lokaákvæði.

■ **118. gr.** 1. Álíti samningsaðili það öllum samningsaðilum til hagsbóta að þróa tengslin, sem stofnað er til með samningi þessum, með því að láta þau ná til fleiri sviða en þar er gert ráð fyrir skal hann leggja fram rökstudda beiðni til hinna samningsaðilanna í EES-ráðinu. Ráðið getur falið sameiginlegu EES-nefndinni að rannsaka alla þætti beiðninnar og leggja fram skýrslu.

EES-ráðið getur, eftir því sem við á, tekið stjórnálegar ákvarðanir með það fyrir augum að hafnar verði samningaviðræður milli samningsaðila.

□ 2. Samningar sem samningaviðræður samkvæmt 1. mgr.

leiða til skulu háðir fullgildingum eða samþykki samningsaðila í samræmi við þeirra eigin reglur.

■ **119. gr.** Viðaukar, svo og gerðir sem vísað er til í þeim og aðlagðar eru vegna samnings þessa, skulu auk bókana vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.

■ **120. gr.** Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum og einkum í [bókunum 41 og 43]¹⁾ skulu ákvæði samningsins ganga framur ákvæðum í gildandi tvíhliða eða marghliða samningum sem Efnahagsbandalag Evrópu annars vegar og eitt eða fleiri EFTA-ríki hins vegar eru bundin af að því leyti sem samningur þessi tekur til sömu efnisatriða.

¹⁾ L. 66/1993, 3. gr. fylgiskjals.

■ **121. gr.** Ákvæði samnings þessa útiloka ekki samstarf:

a. innan ramma norrænnar samvinnu að því leyti sem slík samvinna raskar ekki góðri framkvæmd samnings þessa;

b. innan ramma svæðissambandsins milli Sviss og Liechtensteins að því leyti sem markmið sambandsins nást ekki með beitingu ákvæða samnings þessa og góð framkvæmd samningsins raskast ekki;

c. . . .¹⁾

¹⁾ L. 8/2004, fylgiskjal VI.

■ **122. gr.** Fulltrúar, sendimenn og sérfræðingar samningsaðila, svo og embættismenn og aðrir starfsmenn samkvæmt samningi þessum, skulu bundnir þagnarskyldu, sem helst enda þótt þeir láti af störfum, um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra, einkum upplýsingar um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra og kostnaðarþætti.

■ **123. gr.** Ekkert í samningi þessum skal hindra samningsaðila í að gera ráðstafanir:

a. sem hann telur nauðsynlegar til að girða fyrir upplýstrun upplýsinga andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum;

b. sem snerta framleiðslu á eða viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn eða aðrar framleiðsluvörur, nauðsynlegar til varna, eða varða rannsóknir, þróun eða framleiðslu, nauðsynlega til varna, enda raski þessar ráðstafanir ekki samkeppnisskilyrðum hvað varðar framleiðsluvörur sem eru ekki sérstaklega ætlaðar til hernaðarþarfa;

c. sem hann telur nauðsynlegar vegna eigin öryggis þegar alvarlegar innanlandserjur ógna lögum og reglu, stríð geisar eða alvarleg spennan ríkir í alþjóðamálum, sem leitt getur til styrjaldar, eða til að uppfylla skyldur sem hann hefur tekið á sig til að gæta friðar og alþjóðaöryggis.

■ **124. gr.** Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða samnings þessa skulu samningsaðilar sjá til þess að ríkisborgarar aðildarríkja EB og EFTA-ríkja sitji við sama borð og eigin ríkisborgarar hvað varðar hlutdeild í fjármagni félaga eða fyrirtækja í skilningi 34. gr.

■ **125. gr.** Samningur þessi hefur engin áhrif á reglur samningsaðila um skipan eignarréttar.

■ **126. gr.** 1. Samningurinn gildir á þeim svæðum sem stofnsáttmáli Efnahagsbandalags Evrópu [tekur til],¹⁾ með þeim skilmálum sem þar eru settir, og á yfirráðasvæðum [. . .]²⁾ Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs].¹⁾

□ 2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal samningur þessi ekki gilda um Álandseyjar. Ríkisstjórn Finnlands getur þó gefið út yfirlýsingu, sem lögð skal fram hjá vörsluaðila við fullgildingum samnings þessa og hann skal senda samningsaðilum staðfest endurrit af, þess efnis að samningurinn skuli gilda um þessar eyjar með sömu skilmálum og hann gildir um aðra hluta Finnlands, samanber þó eftirfarandi ákvæði:

a. Ákvæði samnings þessa skulu ekki hindra beitingu ákvæða er gilda hverju sinni á Álandseyjum og varða:

i. höft á rétti einstaklinga, sem hafa ekki svæðisbundinn borgararétt á Álandseyjum, og lögpersóna til að eignast og eiga fasteignir á Álandseyjum án heimildar þar til bærra yfirvalda eyjanna;

ii. höft á rétti einstaklinga, sem hafa ekki svæðisbundinn borgararétt á Álandseyjum, eða lögpersóna til staðfestu og til að veita þjónustu án heimildar þar til bærra yfirvalda eyjanna.

b. Samningur þessi hefur ekki á áhrif á réttindi íbúa Álandseyja í Finnlandi.

c. Yfirvöld Álandseyjum skulu veita öllum einstaklingum og lögpersónum samningsaðila sömu kjör.

¹⁾ L. 8/2004, fylgiskjal VI. ²⁾ L. 106/2007, fylgiskjal VII. Þar er reyndar kveðið á um að orðmyndin „Lýðveldið“ falli brott en augljóslega er átt við orðmyndina „Lýðveldisins“.

■ **127. gr.** Sérhver samningsaðili getur sagt upp aðild sinni að samningi þessum að því tilskildu að hann veiti öðrum samningsaðilum að minnsta kosti tólf mánaða fyrirvara með skriflegum hætti.

Jafnskjótt og fyrirhuguð uppsögn hefur verið tilkynnt skulu hinir samningsaðilarnir boða til ráðstefnu stjórnarrendreka til þess að meta hvaða breytingar sé nauðsynlegt að gera á samningnum.

■ **128. gr.** 1. [Evrópuríki sem gengur í bandalagið er skylt, og Ríkjasambandinu Sviss eða öðru Evrópuríki sem gengur í EFTA heimilt, að sækja um að gerast aðili að samningi þessum. Það skal senda EES-ráðinu umsókn sína.]¹⁾

□ 2. Samningsaðilar og ríki sem sækir um skulu gera með sér samkomulag um skilmála og skilyrði fyrir slíkri aðild. Slíkt samkomulag skal lagt fyrir alla samningsaðila til fullgildingar eða samþykktar í samræmi við eigin reglur þeirra.

¹⁾ L. 66/1993, 5. gr. fylgiskjals.

■ **129. gr.** 1. Samningur þessi er gerður í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

[Vegna stækkana Evrópska efnahagssvæðisins skulu útgáfur af samningi þessum á búlgörsku, eistnesku, króatísku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, tékknesku og ungersku vera jafngildar.]¹⁾

[Textar gerða, sem vísað er til í viðaukunum, eru jafngildir á búlgörsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, króatísku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungersku og þýsku eins og þeir birtast í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og skulu með tilliti til jafngildingar gerðir á íslensku og norsku og birtir í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.]¹⁾

□ 2. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykka samning þennan í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Samningnum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingar- og samþykktarskjölunum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

□ 3. [Samningur þessi öðlast gildi þann dag og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í bókuninni um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.]²⁾

¹⁾ L. 26/2014, fylgiskjal IX. ²⁾ L. 66/1993, 6. gr. fylgiskjals. Bókunin, sem hér er vísað til, er í fylgiskjali V, 22. gr.

Fylgiskjal II.**Bókun 1. Um altæka aðlögun.**

□ Ákvæði gerða, sem vísað er til í viðaukum við samning þennan, skulu gilda í samræmi við samninginn og þessa bókun, nema kveðið sé á um annað í viðkomandi viðauka. Sérstaka nauðsynlega aðlögun fyrir einstakar gerðir er að finna í þeim viðauka þar sem viðkomandi gerð er skráð.

1. Inngangur að gerðum.

□ Inngangsorð gerða, sem vísað er til, eru ekki aðhæfð hvað samning þennan varðar. Mikilvægi þeirra fer eftir því hversu nauðsynleg þau eru fyrir rétta túlkun og beitingu, innan ramma samningsins, þeirra ákvæða sem í gerðunum felast.

2. Ákvæði um EB-nefndir.

□ Í 81., 100. og 101. gr. samningsins og bókun 31 er fjallað um starfshætti, fyrirkomulag stofnana eða önnur ákvæði um EB-nefndir í gerðunum sem vísað er til.

3. Ákvæði um tilhögun aðlögunar/breytinga á gerðum bandalagsins.

□ Ef gerð, sem vísað er til, gerir ráð fyrir Evrópubandalagstilhögun við aðlögun, útvíkkun eða breytingu á gerðinni eða þróun nýrrar stefnu, frumkvæðis og gerða innan bandalagsins gilda viðeigandi reglur um ákvarðanatöku samkvæmt samningnum.

4. Tilhögun varðandi upplýsingaskipti og tilkynningar.

a. [Þegar aðildarríki EB ber að veita framkvæmdastjórn EB upplýsingar skal EFTA-ríki veita eftirlitsstofnun EFTA slíkar upplýsingar og hún koma þeim áleiðis til fastanefndar EFTA-ríkjanna. Hið sama gildir þegar þar til bær yfirvöld eiga að annast sendingu upplýsinga. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu skiptast á upplýsingum sem þeim hafa borist frá aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjunum eða þar til bærum yfirvöldum.]¹⁾

b. Þegar aðildarríki EB ber að veita einu eða fleiri aðildarríkjum EB upplýsingar skal það einnig veita framkvæmdastjórn EB þessar upplýsingar og skal hún koma þeim á framfæri við fastanefndina sem dreifir þeim til EFTA-ríkjanna.

EFTA-ríki skal veita einu eða fleiri EFTA-ríkjum samsvarandi upplýsingar og einnig fastanefndinni sem kemur upplýsingunum á framfæri við framkvæmdastjórn EB er dreifir þeim til aðildarríkja EB. Hið sama gildir þegar þar til bær yfirvöld eiga að veita upplýsingarnar.

c. Á sviðum þar sem bryn þörf er á skjótvirkri upplýsingamiðlum ber að leita viðeigandi lausna fyrir einstök svið til þess að greiða fyrir beinum upplýsingaskiptum.

d. Starfsemi framkvæmdastjórnar EB vegna tilhögunar við sannprófun eða samþykki, upplýsingar, tilkynningar eða ráðgjöf og skyld málefni skal að því er EFTA-ríkin varðar fara fram í samræmi við starfsreglur þeirra. Þetta gildir með fyrirvara um ákvæði 2., 3. og 7. tölul. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, skulu skiptast á öllum upplýsingum um þessi málefni. Öllum ágreiningsefnum sem upp koma í þessu samhengi má vísa til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

¹⁾ L. 91/1994, 2. gr. Sjá einnig gildistökuákvæði í 3. gr. þeirra laga í Stjótt. A 1993, bls. 277.

5. Skýrslugerð.

□ Þegar framkvæmdastjórn EB eða önnur stofnun EB á, samkvæmt gerð sem vísað er til, að vinna að skýrslu eða mati eða öðru slíku, skal eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, nema annað sé ákveðið, samfimis gera, eftir því sem við á, samsvarandi skýrslu eða mat eða annað slíkt, með tilliti til EFTA-ríkjanna. Framkvæmdastjórn EB og

eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, skulu hafa samráð sín á milli og skiptast á upplýsingum meðan á skýrslugerðinni stendur, en afrit af skýrslunni skal senda sameiginlegu EES-nefndinni.

6. Birting upplýsinga.

a. Þegar aðildarríki EB á, samkvæmt gerð sem vísað er til, að birta ákveðnar upplýsingar um staðreyndir, málsmeðferð og annað slíkt skulu EFTA-ríkin einnig, samkvæmt samningnum, birta viðkomandi upplýsingar á samsvarandi hátt.

b. Þegar birta á, samkvæmt gerð sem vísað er til, staðreyndir, málsmeðferð, skýrslur og annað slíkt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins skal birta þar samsvarandi upplýsingar varðandi EFTA-ríkin í sérstakri EES-deild.

7. Réttindi og skyldur.

□ Líta ber á réttindi og skyldur aðildarríkja Evrópubandalagsins eða opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðru sem réttindi og skyldur samningsaðila, og er með samningsaðilum einnig átt við, eftir atvikum, þar til bær yfirvöld þeirra, opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

8. Tilvísanir til yfirráðasvæða.

□ Þegar gerðirnar, sem vísað er til, geyma tilvísanir til yfirráðasvæða „bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“ ber að líta svo á að því er samninginn varðar að þær séu tilvísanir til yfirráðasvæða samningsaðila samkvæmt skilgreiningu í 126. gr. samningsins.

9. Tilvísanir til ríkisborgara aðildarríkja EB.

□ Þegar gerðirnar, sem vísað er til, geyma tilvísanir til ríkisborgara aðildarríkja EB ber að líta svo á, að því er samninginn varðar, að þær séu einnig tilvísanir til ríkisborgara EFTA-ríkjanna.

10. Tilvísanir til tungumála.

□ Þegar gerð, sem vísað er til, veitir aðildarríkjum EB eða opinberum stofnunum þeirra, fyrirtækjum eða einstaklingum réttindi eða setur þeim skyldur um notkun einhvers hinna opinberu tungumála Evrópubandalaganna ber að líta svo á að samsvarandi réttindi og skyldur um notkun á einhverju opinberu tungumáli allra samningsaðila eigi við um samningsaðila, þar til bær yfirvöld þeirra, opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

11. Gildistaka og framkvæmd gerða.

□ Ákvæði um gildistöku eða framkvæmd þeirra gerða sem vísað er til í viðaukum við samninginn eiga ekki við að því er samninginn varðar. Tímamörk og dagsetningar fyrir gildistöku og framkvæmd EFTA-ríkja á þeim gerðum sem vísað er til miðast við [gildistökudag]¹⁾ samningsins, svo og ákvæði um bráðabirgðafyrirkomulag.

¹⁾ L. 66/1993, 7. gr.

12. Viðtakendur gerða bandalagsins.

□ Ákvæði þar sem þess er getið að gerð bandalagsins sé beint til aðildarríkja bandalagsins eiga ekki við að því er samninginn varðar.

Fylgiskjal III.**9. tölul. VIII. viðauka.**

□ Þrátt fyrir 31.–35. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram höftum, sem eru í gildi við undirritun samningsins um staðfestu þeirra sem eru ekki ríkisborgarar og ríkisborgara sem eiga ekki lögheimili á Íslandi, á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu.

Fylgiskjal IV.**G-liður 1. tölul. XII. viðauka.**

□ Þrátt fyrir 40. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram þeim höftum sem eru í gildi við undirritun samningsins um eignarrétt erlendra aðila og/ eða eignarrétt aðila sem ekki eru búsettir á Íslandi á sviði fiskveiða og fiskvinnslu.

□ Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara sem eru ekki með lögheimili á Íslandi í félögum sem taka aðeins á óbeinan hátt þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu. Þó hafa innlend yfirvöld rétt til að skuldbinda fyrirtæki sem hafa að hluta eða að öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða ríkisborgurum sem ekki eru með lögheimili á Íslandi til að losa sig við fjárfestingar í starfsemi á sviði fiskvinnslu eða í fiskiskipum.

Fylgiskjal V.¹⁾

¹⁾ Fylgiskjal með l. 66/1993.

Bókun um breytingu á samningnum um evrópska efnahagssvæðið.

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU,
KOLA- OG STÁLBANDALAG EVRÓPU,
KONUNGRÍKIÐ BELGÍA,
KONUNGRÍKIÐ DANMÖRK,
SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,
LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,
KONUNGRÍKIÐ SPÁNN,
LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
ÍRLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBOURG,
KONUNGRÍKIÐ HOLLAND,
LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,
HIÐ SAMEINADA KONUNGRÍKI STÓRA-BRET-
LANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS
OG
LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
KONUNGRÍKIÐ NOREGUR,
KONUNGRÍKIÐ SVÍPJÓÐ,
sem nefnast hér á eftir SAMNINGSAÐILAR;

ÞAR EÐ samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á eftir nefndur EES-samningurinn, var undirritaður í Ópörtu hinn 2. maí 1992;

ÞAR EÐ kveðið er á um það í 2. mgr. 129. gr. EES-samningsins að samningsaðilar skuli fullgilda eða samþykkja hann í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig;

ÞAR EÐ ljóst er að einn undirritunaraðilanna að EES-samningnum, Ríkjasambandið Sviss, hefur ekki tók á að fullgilda EES-samninginn;

ÞAR EÐ hinir undirritunaraðilarnir að EES-samningnum halda enn fast við markmið hans og eru staðráðnir í að hrinda samningnum í framkvæmd eins fljótt og auðið er;

ÞAR EÐ ákveða þarf nýjan gildistöku EES-samningsins; ÞAR EÐ setja þarf sérstök ákvæði um gildistöku EES-samningsins gagnvart Furstadæminu Liechtenstein;

ÞAR EÐ gera þarf nokkrar breytingar á EES-samningnum sökum þess að Sviss mun ekki fullgilda hann;

ÞAR EÐ æskilegt er að hafa meðal slíkra breytinga ákvæði sem sýnir vilja samningsaðila til að gera Sviss kleift að taka þátt í EES síðar meir;

HAGA ÁKVEDIÐ að gera eftirfarandi viðbótárbókun:

■ **1. gr.** 1. EES-samningurinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, skal öðlast gildi daginn sem bókun þessi öðlast gildi, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu, aðildarríkja þeirra og Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar.

□ 2. Að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein skal EES-samningurinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, öðlast gildi þann dag sem EES-ráðið ákveður og að því tilskildu að

— EES-ráðið hafi ákveðið að skilyrði b-liðar 121. gr. EES-samningsins, nánar tiltekið um að góð framkvæmd EES-samningsins raskist ekki, hafi verið fullnægt; og

— EES-ráðið hafi tekið viðeigandi ákvarðanir, einkum að því er varðar beitingu þeirra ákvarðana gagnvart Liechtenstein sem EES-ráðið og sameiginlega EES-nefndin hafa þegar tekið.

□ 3. Liechtenstein skal vera heimilt að eiga þátt í ákvörðunum EES-ráðsins skv. 2. mgr. hér að framan.

■ **2.–7. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ Ákvæði um breytingar á EES-samningi.

...

■ **15. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ Gildistökuákvæði.

...

■ **21. gr.** Ákvæði, tilvísanir, sérstök aðlögun, tímabil og dagsetningar, sem varða Liechtenstein í EES-samningnum, eins og honum er breytt með bókun þessari, öðlast þá fyrst gildi er samningurinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, hefur öðlast gildi gagnvart Liechtenstein í samræmi við 2. mgr. 1. gr. bókunar þessarar.

■ **22. gr.** 1. Bókun þessi er gerð í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

□ 2. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja bókun þessa í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Henni skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingar- eða samþykktarskjölunum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

□ 3. Bókun þessi skal öðlast gildi 1. júlí 1993 að því tilskildu að samningsaðilarnir, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., hafi komið fullgildingar- eða samþykktarskjölum sínum vegna EES-samningsins og bókunar þessarar í vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag öðlast bókun þessi gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að síðustu skjölunum hefur verið komið í vörslu. Sé þeim hins vegar komið í vörslu þegar færri en fimmtán dagar eru að upphafi næsta mánaðar öðlast bókun þessi ekki gildi fyrir en fyrsta dag annars mánaðar eftir að skjölunum var komið í vörslu.

□ 4. Að því er Liechtenstein varðar skal bókun þessi öðlast gildi þegar það hefur komið fullgildingarskjölum sínum vegna EES-samningsins og bókunar þessarar í vörslu, þann dag sem EES-ráðið ákveður með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr.

Fylgiskjal VI.¹⁾

¹⁾ Fylgiskjal með l. 8/2004.

1. mgr. 2. gr. aðildarsamnings EES.

...¹⁾
¹⁾ Ákvæði um breytingar á meginmáli EES-samningsins.

Fylgiskjal VII.¹⁾

¹⁾ Fylgiskjal með l. 106/2007.

1. mgr. 2. gr. aðildarsamnings EES.

...¹⁾
¹⁾ Ákvæði um breytingar á meginmáli EES-samningsins.

Fylgiskjal VIII.¹⁾

¹⁾ Fylgiskjal með l. 159/2010.

1. gr. samnings um EES-fjármagnskerfið 2009–2014.

...¹⁾
¹⁾ Ákvæði um breytingar á meginmáli EES-samningsins.

Fylgiskjal IX.¹⁾

¹⁾ Fylgiskjal með l. 26/2014.

1. mgr. 2. gr. aðildarsamnings EES.

...¹⁾
¹⁾ Ákvæði um breytingar á meginmáli EES-samningsins.

Fylgiskjal X.¹⁾

¹⁾ Fylgiskjal með l. 81/2016.

1. gr. samnings um EES-fjármagnskerfið 2014–2021.

...¹⁾
¹⁾ Ákvæði um breytingar á meginmáli EES-samningsins.

ELDDRI ÚTGÁFA